

2009

# UNGT FÓLK ÁN ATVINNU - VIRKNI ÞESS OG MENNTUN

*„Þetta er leiðinlegt líf, ég er búinn að vera það lengi atvinnulaus, er alltaf í  
tölvunni á nóttunni, þetta verður bara að stoppa.“*

*Tilvitnun í ungan langtímaatvinnulausan einstakling í október 2009*

**Skýrsla unnin fyrir félags- og tryggingamálaráðherra  
og mennta- og menningarmálaráðherra.**

Félags- og tryggingamálaráðuneyti: Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun  
Nóvember 2009

Útgefandi: Félags- og tryggingamálaráðuneyti  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 552 4804  
Netfang: [postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is)  
Veffang: [felagsmalaraduneyti.is](http://felagsmalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

© 2009 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	3
Myndaskrá .....	4
Töflur .....	4
Inngangur. Rammi verkefnisins og aðferðafræði .....	5
Aðferðafræði.....	6
1. Niðurstöður og tillögur .....	9
1.1 Menntunar- og virkniúrræði .....	10
1.2 Starfsþjálfun .....	11
1.3 Sjálfbóðaliðastarf .....	12
1.4 Átaksverkefni .....	12
2.1 Styrkt starfsemi Vinnumálastofnunar.....	13
3.1 Samhæfing úrræða fyrir ungt fólk án atvinnu í Reykjavík.....	13
4. Vitundarvakning.....	14
5. Greining og söfnun upplýsinga.....	14
2. Stutt yfirlit um skipan úrræða vegna atvinnuleysis .....	15
2.1 Verkefni Vinnumálastofnunar .....	15
2.2 Forgangsröðun Vinnumálastofnunar .....	16
2.3 Tengsl Vinnumálastofnunar og símenntunarmiðstöðva .....	17
2.4 Sjálfbóðaliðastarf .....	18
2.5 Yfirsýn yfir úrræði .....	18
2.6 Kortlagning á hindrunum. ....	19
3. Tölulegar upplýsingar og gögn .....	21
3.1. Almenn .....	21
3.1.1. Fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisráð vegna þess að þeir hafa sjálfir sagt upp vinnu sinni eða hætt rekstri.....	23
3.1.2. Hafnanir og sviptingar.....	23
3.2. Atvinnuleysistöður eftir aldri.....	24
3.2.1 Niðurstöður úr viðtölum við ungt atvinnulaust fólk á aldrinum 18-24 ára.....	27
3.2.2 Um starfsþjálfunar- og námssamninga atvinnulausra .....	28
3.3. Menntun og atvinnuleysi.....	29
3.3.1 Menntun allra atvinnulausra og hinna yngstu .....	29
3.3.2 Lengd framhaldsskólanáms atvinnuleitenda sem aðeins hafa lokið grunnskóla ..	30
3.3.3. Skipting yngstu árganganna milli skóla og vinnumarkaðar.....	31
3.3.4. Atvinnuleitendur sem fengu ekki inngöngu í framhaldsskóla.....	32
3.3.5 Brottfallsvandinn í íslenskum framhaldsskólum.....	32
3.4. Tekju- og kostnaðarupplýsingar .....	33
4. Hvað má læra af norrænni reynslu af atvinnuleysi ungs fólks? .....	35
4.1 Hvers vegna á að leggja megináherslu á úrræði gegn atvinnuleysi ungs fólks? .....	35
4.2 Reynslan af atvinnuleysisúrræðum á Norðurlöndum.....	35
4.3 Hvernig getur framhaldsskólinn dregið úr atvinnuleysi ungs fólks? .....	36
5. Greining og umræða .....	39
Viðauki 1. Samstarfssamningur Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Kvasis.....	41
Viðauki 2 Ýmsar töflur um atvinnulausa .....	43
Heimildaskrá.....	46

## Myndaskrá

- Mynd 1. Mennta- og virkniúrræði fyrir atvinnulausa, bls. 10
- Mynd 2. Lögbundnar vinnumarkaðsaðgerðir Vinnumálastofnunar er lúta að atvinnuleitendum, bls. 15
- Mynd 3. Símenntunarmiðstöðvar á landinu, bls. 17
- Mynd 4. Þróun atvinnuleysis 2007 til 2009, bls. 21
- Mynd 5. Atvinnuleysishorfur næstu mánuði, bls. 22
- Mynd 6. Atvinnuleysi eftir svæðum, bls. 22
- Mynd 7. Þróun atvinnuleysis eftir kynjum og búsetu, bls. 23
- Mynd 8. Menntun allra skráðra atvinnulausra (16-70 ára) í október 2009, bls. 29
- Mynd 9. Menntun allra 29 ára og yngri í október 2009, bls. 29

## Töflur

- Tafla 1. Aldurshópar skráðra atvinnulausra í október og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á vinnumarkaði, bls. 24
- Tafla 2. Atvinnulausir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eftir aldurshópum og hlutfalli greiddra bóta. Tölur frá október 2009, bls. 25
- Tafla 3. Fjárhæðir bóta til atvinnulausra (16-17 ára) fyrstu 9 mánuði ársins 2009, bls. 25
- Tafla 4. Fjárhæðir bóta til atvinnulausra (18-24 ára) fyrstu 9 mánuði ársins 2009, bls. 26
- Tafla 5. Hlutfall ungra atvinnulausra (16-24 ára) eftir landssvæðum september 2009 og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu og hlutfall af öllum atvinnulausum eftir svæðum, bls. 26
- Tafla 6. Hlutfall ungra atvinnulausra (16-29 ára) eftir landssvæðum september 2009 og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu og hlutfall af öllum atvinnulausum eftir svæðum, bls. 27
- Tafla 7. Hlutfall langtímaatvinnulausra 16-29 ára sem hafa lokið sem svarar einu ári eða minna á framhaldsskólastigi af heildarfjölda aldurshópsins á atvinnuleysissskrá, bls. 30
- Tafla 8. Fjöldi á atvinnuleysissskrá sem hafa aðeins hefur lokið grunnskólaprófi og minna en einu ári í framhaldsskóla eftir lengd atvinnuleysis, bls. 30
- Tafla 9. Fjöldi á atvinnuleysissskrá sem hefur aðeins hefur lokið grunnskólaprófi og meira en einu ári í framhaldsskóla eftir lengd atvinnuleysis, bls. 30
- Tafla 10. Skólasókn 16-24 ára nemenda í framhalds- og háskólum haustið 2008, bls. 31
- Tafla 11. Kostnaður ríkisins af skólagöngu framhaldsskólanema og háskólanema og nema í frumgreinanámi, bls. 33
- Tafla 12. Samanburður á tekjum einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009, bls. 33

## Inngangur. Rammi verkefnisins og aðferðafræði

Í september 2009 var að undirlagi félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra settur á fót vinnuhópur til að fara yfir aðgerðir til að virkja atvinnulausa, nám sem þeim stendur til boða og gera tillögur um úrbætur.

Nánar tiltekið fékk hópurinn eftirfarandi verkefni:

- Að kanna aðstæður atvinnulausra eftir því sem kostur er.
- Að greina menntunarstöðu þeirra.
- Að endurskoða menntunarúræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa.
- Að kanna leiðir til að auka virkni og námsframboð þeirra.
- Að meta hvort gera þurfi auknar kröfur til atvinnulausra m.a. um samfélagsþjónustu og sjálfbóðaliðastörf.

Hópurinn fékk nokkuð frjálsar hendur til að skoða skipan úrræða vegna atvinnuleysis og tengsl þeirra við menntakerfið og áhrif atvinnuleysis á heilbrigði, meta stöðuna og leggja fram tillögur sínar. Hópnum var ætlaður stuttur tími til verksins, frá september fram í nóvember 2009.

Hópurinn skipaðu:

Anna Sigrún Baldursdóttir og Steinunn Halldórsdóttir frá félags- og tryggingamála-ráðuneytinu en sú síðarnefnda stýrði vinnu hópsins.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Sigtryggur Magnason, Stefán Stefánsson og Þórir Ólafsson frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Héðinn Unnsteinsson frá heilbrigðisráðuneytinu, Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Gestur Guðmundsson prófessor við Háskóla Íslands og Runólfur Ágústsson formaður stjórnar Vinnumálastofnunar.

Hópurinn var settur á laggirnar í ljósi þess að atvinnuleysi hefur nær fjórfaldast á einu ári sem er ný staða í íslensku efnahagslífi. Skráð atvinnuleysi var að meðaltali 7,6 % í október síðastliðinn eða að meðaltali 12.682 manns en var 1,9 % í október á síðasta ári. Hópur þeirra sem hefur verið atvinnulaus í meira en sex mánuði og eru því skilgreindir sem langtímaatvinnulausir fer ört stækkandi og er nú rúmlega helmingur atvinnulausra. Yfir 30% atvinnulausra í þessum hópi er undir þrítugu. Upplýsingar af atvinnuleysisskrá sýna einnig að um helmingur atvinnulausra hefur aðeins grunnskólapróf. Nánari upplýsingar og greining á hópum atvinnulausra eru í kafla 3.

Vinna hópsins tengdist starfi Velferðarvaktarinnar en félags- og tryggingamálaráðuneytið hleypti því verkefni af stað á grundvelli stjórnarsáttmála ríkisstjórnar í byrjun árs 2009<sup>1</sup>. Henni er ætlað að fylgjast með félagslegum, heilsufarslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu.<sup>2</sup> Í vinnuhópnum sátu tveir fulltrúar sem einnig eru í stýrihópi Velferðarvaktarinnar sem tryggir samvinnu og samráð milli þessara aðila.

Reynsla annarra norrænna ríkja hefur sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru alvarlegastar hjá þeim sem hafa hvað minnsta menntun. Að sama skapi eru afleiðingar langtímaatvinnuleysis

<sup>1</sup> Sjá: <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/nr/303>

<sup>2</sup> Velferðarvaktin hefur skipulagt sig í 9 vinnuhópum um einstök málafni. Um 100 manns alls staðar að úr þjóðfélaginu taka þátt í vinnu Velferðarvaktarinnar þar á meðal starfsmenn annarra ráðuneyta sveitarfélaga og fulltrúar svonefnds þriðja geira en til hans tilheyrir frjáls félagsamtök, sjálfbóðaliðasamtök, og samtök sem rekin eru án hagnaðarkröfu. og er með því tryggt viðtækt samráð. Velferðarvaktin skilar reglulega áfangaskýrslum og tillögum til ráðherra og er ráðgefandi fyrir ríkisstjórn sem hefur komið nokkrum af tillögum hennar í framkvæmd. Sjá skýrslur hennar og önnur gögn á vefslóðinni: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/>

hvað alvarlegastar fyrir ungt fólk sérstaklega þann hóp sem er að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skiptið. Vinnuhópurinn tók þá ákvörðun í byrjun verkefnisins og eftir að hafa greint gögn um menntunarstöðu atvinnulausra og ofangreinda reynslu annarra þjóða að ástæða væri til að beina sjónum sérstaklega að þeim yngri í hópi atvinnulausra, þ.e. fólki undir þrítugu sem minnsta menntun hefur. Sérstaklega er þó aldurshópurinn 16-24 ára viðkvæmur vegna þess að meirihluti þess hóps hefur einungis lokið grunnskóla eins og áður sagði og hefur litla sem enga reynslu á vinnumarkaði. Þrátt fyrir áherslu vinnuhópsins á yngri hóp atvinnulausra var staða annarra aldurhópa könnuð einnig.

Vinnuhópurinn hefur á starfstíma sínum fyrst og fremst fjallað um tengsl menntunar og atvinnuleysis.

Í hópnum hafa einnig verið ræddar ýmsar hugmyndir um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu og á námslánakerfinu. Hópurinn taldi það ekki í sínum verkahring að gera tillögur þar að lútandi, enda byggist atvinnuleysistryggingakerfið á áunnum réttindum og er byggt upp í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Hópurinn hafði enda ekki svigrúm til að reikna út kostnaðarlegar afleiðingar mögulegra kerfisbreytinga. Rétt þykir þó að nefna þær hugmyndir sem fram komu og hvetja til þess að félags- og tryggingamálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið skoði þær frekar.

Hér er um að ræða hugmyndir um að fella niður réttindi til atvinnuleysisbóta ólögráða einstaklinga og hugmyndir um að skilyrða bætur til handa ungu fólki sem ekki hefur framfærsluskyldu við að viðkomandi taki vinnu- eða námstilboði. Sambærilegt skilyrði hefur nýlega verið lögfest í Hollandi hvað varðar fjárhagsaðstoð þarlandra sveitarfélaga til handa atvinnulausu fólki yngra en 27 ára. Hópurinn ræddi einnig hvort ástæða væri til að gera þær kröfur til umsækjenda um atvinnuleysisbætur að þeir hafi ekki sagt upp vinnu sinni sjálfir eða herða viðurlög við því (en nú má svipta atvinnuleitanda bótum fyrstu 40 dagana hafi hann sjálfur sagt upp vinnu). Að meðaltali hafa 6,8% umsækjanda um atvinnuleysisbætur á undanförunum 12 mánuðum sagt upp vinnu sinni. Ef einnig eru taldir með þessum hópi sjálfstæðir atvinnurekendur sem hætt hafa rekstri er hlutfallið 9,2%. Loks var það rætt hvort mögulegt væri að liðka fyrir framhaldsskólasókn ungra atvinnuleitenda með því að rýmka möguleika þeirra sem þurfa fjárhagsstuðning til að stunda framhaldsskólanám til að fá námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða með því að taka upp sérstaka námsstyrki til þeirra.

## **Aðferðafræði**

Mikill hluti starfs nefndarinnar fólst í söfnun upplýsinga, bæði meginlegra og eigindlegra. Kallað var eftir fyrirbyggjandi upplýsingum sem Vinnumálastofnun hefur safnað með reglubundnum hætti undanfarin ár. Þetta eru upplýsingar sem unnar eru upp úr atvinnuleysissskrá og stofnunin geymir. Hópurinn hafði frumkvæði að því að láta bera saman upplýsingar um menntun einstaklinga á atvinnuleysissskrá við nemendaskrá Hagstofu, í þessu tilfalli upplýsingar um námseiningar sem einstaklingar hafa lokið á framhaldsskólastigi. Einnig voru bornar saman upplýsingar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti við atvinnuleysissskrá.

Hópurinn hafði frumkvæði að því að láta taka viðtöl við hópa ungs atvinnulauss fólks á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum en á þessum svæðum er atvinnuleysið langmest hjá aldurshópnum 16-24 ára. Spurt var um áhugamál, hreyfingu, samskipti, líðan, atvinnuleysi og viðbrögð þeirra við því sem og framtíðarsýn.

Hópurinn kynnti sér einnig fyrri rannsóknir, og tók saman yfirlit byggt á norrænum rannsóknnum á atvinnuleysi og aðgerðum gegn því á síðasta atvinnuleysissskeiði á 10. áratug síðustu aldar. Einnig kynnti hópurinn sér og tók saman yfirlit yfir rannsóknir um brottfall á framhaldsskólastigi á Íslandi.

Hópurinn átti einnig viðtöl við sérfræðinga hjá Vinnumálastofnun, Rauða krossinum, Hinu húsinu og aðstandendum Þjóðar gegn þunglyndi. Hópurinn aflaði upplýsinga frá Hollandi um ráðstafanir til að skilyrða bætur til ungs fólks sem og norrænar skýrslur og upplýsingar um viðbrögð stjórnvalda í umræddum löndum við afleiðingum efnahagskreppunnar. Hópurinn kynnti sér nýútkomna skýrslu nefndar heilbrigðisráðuneytisins um sálfélagsleg viðbrögð við efnahagskreppunni sem og stöðuskýrslur Velferðarvaktarinnar.

Einnig lét hópurinn taka saman upplýsingar um tekjur atvinnulausra eftir fjölskyldustöðu og bera saman við tekjur annarra hópa.

Skýrsla þessi er byggð á greiningu á ofangreindum upplýsingum.

Í skýrslunni er orðið atvinnulaus og atvinnuleitandi notað jöfnum höndum.

Sérstök ástæða er til að þakka gott samstarf við starfsfólk Vinnumálastofnunar við gerð skýrslunnar.





## 1. Niðurstöður og tillögur

Þegar rætt er um atvinnuleysi og atvinnuleysisbætur er mikilvægt að hafa í huga að atvinnulausir eru hluti af vinnumarkaðnum. Þeir hafa unnið sér inn rétt til bóta með störfum sínum á vinnumarkaði og atvinnuleysisbætur eru hugsaðar til framfærslu á milli starfa. Það er ekki aðeins einstaklingurinn sem hefur hag að því að hafa vinnu heldur nýtur hið opinbera, og þar með þjóðin öll, góðs af því í gegnum skatttekjur að atvinnustig sé hátt og sem stærstur hluti þeirra sem geta unnið, geri það.

Atvinnuleysisbætur eru því bæði áunninn réttur einstaklingsins og fjárfesting samfélagsins en hagur beggja er að greiða fólk fyrir að leita sér að atvinnu og nýta atvinnuleysistímabil til að halda starfsgetu sinni við og auka færni sína. Einnig er rétt að hafa í huga að takmark atvinnuleysistryggingakerfisins er að fólk fái vinnu en hin leiðin út úr kerfinu er að fólk verði öryrkjar. Reynsla nágrannaþjóða okkar af kreppum sýnir að mjög hátt hlutfall langtímaatvinnulausra endaði á örorku, sökum þess að líðan þeirra versnaði og virkni þeirra minnkaði. Þetta kom skýrast fram hjá Finnum eftir efnahagslægd sem þjóðin gekk í gegnum í byrjun 10. áratugar síðustu aldar.<sup>3</sup> Mannauður sterkra samfélaga byggir á því að hvetja ungt fólk til menntunar og/eða annarrar virkni<sup>4</sup> með öllum tiltækum ráðum. Það er því gríðarlega mikilvægt þegar litið er til framtíðar að vel sé haldið á spilum á meðan hin eiginlega efnahagskreppa gengur yfir og að sérstaklega sé hlúð að ungu atvinnulausu fólki og áhersla lögð á að skapa fyrir það atvinnu eða búa það á annan hátt undir þátttöku í atvinnulífni og skiptir þá miklu máli að geta boðið upp á fjölbreytt nám.

Mikilvægt er að hafa í huga þegar tillögur til virkni og menntunar undir þessum kringumstæðum ber á góma, að eitt er að kynna úrræði fyrir atvinnuleitendum en annað er að tryggja að fólk nýti þau. Sérstök ástæða er til að hvetja Vinnumálastofnun til þess að skylda unga atvinnuleitendur til virkni í samræmi við lagaheimildir. Það er skoðun vinnuhópsins að ungir atvinnuleitendur séu betur komnir í námi eða öðrum reglubundnum virkniúrræðum en afskiptalausir á bótum. Ástæða er til að leggja áherslu á að virkniúrræðin þurfa að vera stunduð reglubundið á meðan á atvinnuleysistímabilinu stendur.

Tillögur vinnuhópsins sem hér fylgja hafa það að leiðarljósi að auka virkni og menntun þeirra sem eru atvinnulausir.

Tillögurnar byggja á sex meginstoðum:

1. Meginmarkmið aðgerða til að sporna við neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis ungs fólks er að fækka þeim sem eru óvirkir á atvinnuleysisbótum. Efla þar með öllum hugsanlegum leiðum aðgerðir til að auka virkni þessa hóps auk þess að gera símenntunarmiðstöðvum, framhaldsskólum og frumgreinadeildum kleift að taka á móti þessum einstaklingum.
2. Það er mat hópsins að fyrst og fremst eigi að nýta þær námsleiðir og menntunarúrræði sem þegar eru í boði og efla þau sem hafa reynst vel. Þó verði hugað að auknu framboði starfsnáms og sérstökum virkniskapandi námskeiðum fyrir þá sem lengi hafa verið atvinnulausir.

<sup>3</sup> Sjá: Blomster, H., Heikkila, K. Keskimaki, L., Rastas, R., Simpura, V. (2001).


<sup>4</sup> Virkni (á skandinavískum málum: aktivering) er hér notað yfir atvinnuleit og þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsaðgerðum, s.s. námi, starfsþjálfun, sjálfböðastörfum og átaksverkefnum. Hugtakið er miðlægt í norrænum aðgerðum gegn atvinnuleysi og byggist það á því mati að starfsfærni manna minnki ef þeir eru ekki virkir þátttakendur í samfélaginu. Atvinnuleysistryggingakerfi eigi ekki að stuðla að slíkri þróun heldur þvert á mót að því að atvinnuleitendur auki færni sína. Það megi gera með margvíslegum hætti sem almennt fela það í sér að atvinnuleitendur verði virkari. Því er samheitið virkni.

- Efla verður ráðgjöf við atvinnulausa, hvatningu til þeirra og þrýsting á að þeir séu virkir í atvinnuleit sinni og sinni virkniúrræðum sem í boði eru.
- Nota þarf áhrifaríkar aðferðir til að vekja áhuga ungs fólks án atvinnu á virkni- og menntunarmöguleikum sem þeim standa til boða. Þetta á sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið.
- Hópurinn kallar eftir vitundarvakningu um afleiðingar atvinnuleysis. Virkja verður allar leiðir til að ná til ungs fólks og aðstandenda þeirra, hvort sem er í gegnum fjölmiðla eða eftir öðrum leiðum.
- Greining og söfnun upplýsinga um atvinnuleitendur verði gerð markvissari og samhæðari.

## Einstakar tillögur:

### 1. 1 Menntunar- og virkniúrræði<sup>5</sup>

Lykilatriði í baráttunni gegn neikvæðum afleiðingum atvinnuleysis er að byggt verði upp heildstætt ferli þar sem viðtöl ráðgjafa leiða til virkni atvinnulausra, náms og helst af öllu til atvinnuþátttöku þeirra. Leið einstaklinga í slíku ferli getur að sjálfsgöðu verið eins mismunandi og einstaklingarnir eru margir. Virkni getur falist í þátttöku í vinnustofum, sjálfböðastarfi, starfsþjálfun og fleiru sem síðan getur leitt til þátttöku í námskeiðahaldi, formlegu námi og að lokum háskólanámi og eða atvinnuþátttöku. Eftirfarandi mynd lýsir hugmyndum hópsins um mennta- og virkniúrræði fyrir atvinnulausa:



Mynd 1. Mennta og virkniúrræði fyrir atvinnulausa.

<sup>5</sup> Undir þessum lið er fjallað um fyrstu 2 megingtillögunar hér að ofan.

1.1.1 Atvinnulausum einstaklingum á aldrinum 16-20 ára þarf að beina inn í framhaldsskóla eða í námsúrræði símenntunarmiðstöðva, óháð því hvort þeir eiga rétt til atvinnuleysisbóta eða ekki, (sjá dálk vinstra megin á myndinni). Vinna þarf markvisst gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólunum en það er flókið og tímafrekt verk. Að sama skapi þarf að beina þangað þeim hluta atvinnulausra á aldrinum 20-25 ára sem hafa lokið einingum sem svara til um það bil helmings framhaldsskólanáms. Gera þarf sérstakar ráðstafanir til að framhaldsskólar geti tekið á móti þessum hópi. Fyrirhugað tveggja ára nám til framhaldsskólaprófs samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla gæti verið fýsilegur kostur fyrir ýmsa úr þessum hópi og er því brýnt að flýta þróun þess t.d. í samstarfi við starfsmenntaskóla.

1.1.2. Atvinnuleitendur á aldrinum 18-20 ára njóti forgangs við innritun í framhaldsskóla næst á eftir þeim sem eru undir 18 ára að aldri. Enn fremur verði að fremsta megni tekið á móti 20-24 ára atvinnuleitendum.

1.1.3. Nám sem er í boði hjá símenntunarmiðstöðvum víðs vegar um landið á grundvelli námsskráa frá mennta- og menningarmálaráðuneyti/Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og meta má til eininga í framhaldsskóla má nýta fyrir atvinnulaus ungmenni en æskilegt er að auka enn frekar námsframboð fyrir þennan hóp hjá símenntunarmiðstöðvunum. Með tengingu náms í símenntunarmiðstöðvum og framhaldsskólum má skapa sveigjanleg námsúrræði fyrir einstaklinga sem vilja hefja nám að nýju.

1.1.4. Ákveðinn hluti atvinnulausra uppfyllir ekki formlegar kröfur til inngöngu í framhaldsskóla. Jafnframt er hópur fullorðins fólks sem af biturri reynslu er fráhverft formlegri skólagöngu. Þessum hópum er því heppilegast að beina á námskeið sem eru í boði hjá símenntunarmiðstöðvum en um þau er rætt í kafla 2.

1.1.5. Í viðtölum ráðgjafa Vinnumálastofnunar við atvinnulausa og eftirfylgni verði áhersla lögð á að kanna hvort atvinnuleitendur geti í krafti náms og starfsreynslu tekið raunsæja stefnu á að ljúka framhaldsskólanámi, ýmist innan framhaldsskóla (einkum 16-19 ára en einnig 20-24 ára) eða í samvinnu framhaldsskóla, frumgreinadeilda og aðila í atvinnulífinu (einkum 25 ára og eldri). Sérstaklega verði hugað að því að nýta aðferðafræði raunfærnimats og brúarleiða í menntun.

1.1.6. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og framhaldsskólar eru hvött til að hefja á vettvangi starfsgreinaráða undirbúning nýrra starfsnámsbrauta á þeim sviðum þar sem stór hluti starfa er unninn af ófaglærðum. Til að ýta undir þessa þróun eru Samtök atvinnulífsins, sveitarfélög og ríki beðin um að gera þá kröfu til stofnana og fyrirtækja innan sinna vébanda að þau ráði fólk til starfa sem lokið hefur námi í viðkomandi starfsgrein.

1.1.7. Reynsla Íslands og annarra Norðurlandþjóða frá 10. áratug síðustu aldar bendir eindregið til þess að þörf sé á að hefja markvisst virkniferil fyrir stóran hluta ungra atvinnuleitenda með litla framhaldsskólamenntun með sérstökum námskeiðum sem efla virkni, sjálfsmat og hvata til að auka færni (sjá miðdálk). Vinnustofur af þessu tagi eru í undirbúningi í Reykjavík og á Suðurnesjum. Mikilvægt er að vinnustofurnar verði metnar, þróaðar og fleiri settar af stað, þannig að þetta úrræði nái til þess stóra hluta ungs fólks sem þarf á þeim að halda. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem sótt hafa námskeið á vinnustofum fái eftirfylgni með starfsþjálfun og/eða námi.

## 1.2. Starfsþjálfun

1.2.1 Áhersla verði lögð á starfsþjálfun, einkum fyrir yngstu atvinnuleitendurna sem lokið hafa litlu framhaldsskólanámi, og fyrir þá sem verði hafa lengst atvinnulausir (a.m.k. 6 mánuði).

1.2.2 Ráðuneyti félags- og tryggingamála leiti eftir þátttöku aðila vinnumarkaðarins í þjóðaráttaki gegn atvinnuleysi, þannig að þeir hvetji atvinnurekendur innan sinna vébanda til

að bjóða fram tækifæri til starfsþjálfunar. Sett verði markmið um fjölda slíkra tækifæra á hverjum tíma og verði til dæmis lagt af stað með markmið um 200 slík tækifæri strax á nýju ári og talan síðan hækkuð þar til þörf er mætt. Miðað verði við að framlag þess sem fer í starfsþjálfun til vinnustaðar jafngildi að minnsta kosti þeim fjármunum og vinnuframlagi sem vinnustaður leggi fram, en hagnaður vinnustaðar verði fyrst og fremst að framlag hans til að vinna úr atvinnuleysisvandnum hafi jákvæða þýðingu fyrir vinnustaðinn.

1.2.3 Fram hefur komið hugmynd um að búa til námsúrræði sem tengir saman iðnaðarmenn sem eru atvinnulausir við unga atvinnulausa án menntunar. Fyrirmynd að slíku úrræði er Völundarverk sem lðan fræðslusetur hannaði fyrir iðnaðarmenn í endurgerð gamalla húsa. Iðnaðarmennirnir myndu taka unga fólkið að sér í eins konar starfsþjálfun og leiðsegja þeim, þrátt fyrir að báðir hópar séu þátttakendur. Þetta úrræði þyrfti að vera á forræði fræðsluaðila sem hefði umsjón með verkefninu. Lagt er til að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Vinnumálastofnun skoði þessa hugmynd nánar og leiti til fræðsluaðila um útfærslur.

1.2.4 Leitað verði eftir þátttöku sem fjölbreytilegastra vinnustaða, en jafnframt verði haft í huga að verkefnið vísi að einhverju leyti til framtíðar, t.d. hvað varðar sjálfbærni og störf sem vænta má að fjölgi í framtíðinni.

1.2.5. Hin ýmsu úrræði gegn atvinnuleysi styðjist að einhverju marki við slíka starfsþjálfunarstarfskrafta, þar með talið fólk með menntun á háskólastigi.

### **1.3. Sjálfbóðaliðastarf**

1.3.1. Lagt er til að Vinnumálastofnun setji á laggirnar sjálfbóðamiðlun þar sem félagasamtök og önnur félög sem eru með sjálfbóðin störf í boði gætu reglulega lagt inn ýmis konar tilboð, ekki ósvipað og þegar atvinnurekendur láta vita af lausum störfum. Reynsla Rauða krossins af atvinnuleitendum sem hafa komið sem sjálfbóðaliðar í gegnum VMST eftir stutt námskeið er afar jákvæð en langstærstur hluti þeirra fær önnur störf mjög fljótlega.

1.3.2. Samstarf er hafið við að búa til svokallað mentorakerfi fyrir atvinnuleitendur. Eflingstéttarfélag ásamt Rauða krossinum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum fræðsluaðilum er með kerfi í undirbúningi sem þjálfar atvinnuleitendur til að liðsinna öðrum atvinnuleitendum. Þessir aðilar hafa fengið styrk til að koma verkefninu af stað. Um sjálfbóðaliðastarf verður að ræða með tvöfaldri virkni þ.e. námskeiðum fyrir sjálfbóðaliðana og aðstoð við aðra atvinnuleitendur. Mikilvægt er að byggja þetta starf upp sem allra fyrst og skoða hvornig það getur nýst ungum atvinnuleitendum í áhættuhópum. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist í byrjun árs 2010.

### **1.4. Átaksverkefni**

Aukinn kraftur verði settur í átaksverkefni, meðal annars á vegum sveitarfélaga og ríkis. Dæmi um slík verkefni gætu verið merking og frágangur gagna, skógrækt, og önnur umhverfistengd verkefni.

Miðað er við átaksverkefni standi til boða:

- öllum atvinnuleitendum sem eru undir 25 ára að aldri og ekki nýta sér önnur úrræði eða fá undanþágu frá því að taka þátt í úrræðum vegna umönnunar eða annars
- öðrum atvinnuleitendum sem eru með fullan bótarétt og hafa áhuga á þátttöku í átaksverkefnum.

## 2.1. Styrkt starfsemi Vinnumálastofnunar

2.1.1. Það er mat hópsins að Vinnumálastofnun hafi skort fjárhagslegt bolmagn undanfarið ár til þess að beita atvinnuleitendur þrýstingi til virkrar atvinnuleitar og veita þeim ráðgjöf með reglubundnum hætti. Sérstaklega hefur höfuðborgarsvæðið skorið sig úr að þessu leyti, enda er þar búsettur yfirgnæfandi stærstur hluti atvinnulausra. Hópurinn telur að ástæða sé til að efla þennan verkþátt til muna hjá Vinnumálastofnun, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi telur hópurinn nauðsynlegt að fleiri verði kallaðir til að sinna slíkum verkefnum, fólk sem hefur menntun og reynslu af samskiptum við vinnustaði og úrræði til mennta- og sjálfbóðaliðsstarfa. Má í þessu sambandi nefna nýgerðan samning Vinnumálastofnunar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og KVASI – samtök símenntunarmiðstöðva um að ráðgjafar á vegum þeirra síðarnefndu taki að sér tiltekin verkefni við ráðgjöf.<sup>6</sup>

2.1.2 Vinnumálastofnun þarf að sjá til þess að engir ungir atvinnuleitendur á aldrinum 16-24 ára séu óvirkir á bótum lengur en 3 mánuði. Í viðtali við atvinnuleitanda sem fara skal fram innan þessara tímamarka verði farið yfir menntun og starfsferil, starfsáhuga atvinnuleitanda, mat á eigin hæfni og áhersla lögð á að kanna vilja og getu viðkomandi til frekari menntunar, til að efla færni sína og leita inn á nýjar starfsbrautir. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir hvern einstakling sem tekur til menntunar, atvinnuleitar, sjálfbóðaliðsstarfa og annarrar virkni og henni verði fylgt eftir.

2.1.3 Byrjað verði á því að taka viðtöl við þá sem lengst hafa verið á atvinnuleysissskrá. Leitast verði við að taka á næstu 2 mánuðum viðtöl við fólk á aldrinum 16-24 ára sem hefur verið án atvinnu í þrjú mánuði, en hópurinn 16-19 ára verði í forgangi svo að sem flestir þeirra geti hafið framhaldsskólanám eftir áramót. Enn fremur verði það markmið sett að eftir hálf töl ár verði búið að taka viðtöl við alla sem skráðir eru án atvinnu í aldursþópnum 16-24 ára þannig að eftir það þurfi einungis að takast á við nýliðun í þópnum. Vinnuhópurinn telur að fjölga þurfi ráðgjöfum Vinnumálastofnunar til að sinna þessu unga fólki sérstaklega.

2.1.4 Vinnuhópurinn leggur til að gerðar verði ráðstafanir til að langtímaatvinnulausir einstaklingar sem hafa forsjárskyldu geti tekið fleiri áfanga í reglulegu framhaldsskólanámi en nú er án þess að bótagreiðslur til þeirra skerðist. Nokkur dæmi eru um að núverandi reglur hafi hrakið einstaklingar í þessari stöðu frá námi vegna félagslegrar stöðu sinnar.

2.1.5. Vinnumálastofnun skoði í ljósi viðbragða við þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til, hvort ástæða sé til að taka upp harðari viðurlög þegar fólk hafnar starfi eða neitar þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum (nú eru viðurlög brottfall bóta í 40 daga við fyrsta brot og 60 við annað brot).

2.1.6 Lagt er til að Vinnumálastofnun bæti rafrænt umsóknareyðublað um atvinnuleysisbætur á þann átt að umsækjanda sé gert að gefa greinarbetri upplýsingar um sig. Það myndi einfalda úrvinnslu og ráðgjöf í framhaldinu.

## 3. 1. Samhæfing úrræða fyrir ungt fólk án atvinnu í Reykjavík

Ýmsar vísbendingar hafa komið fram í vinnuhópnum þess efnis að þeir sem starfa beint að fræðslu- og ráðgjafarstarfi fyrir ungt atvinnulaust fólk í Reykjavík geti lagt meira af mörkum með takmörkuðum tilkostnaði. Nauðsyn sé á því að samhæfa og samræma úrræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og ná betri árangri í baráttunni gegn afleiðingum atvinnuleysis en verið hefur. Yfirsýn skortir yfir þau úrræði sem í boði eru og mögulega mætti einfalda myndina fyrir notendur þjónustunnar. Þetta var rætt í hópnum og samþykkt að beina því til stýrihóps Velferðarvaktarinnar sem hefur komið verkefninu af stað í samvinnu við borgarstjórn Reykjavíkur. Ráðinn verður verkefnisstjóri í hálf töl starf í sex mánuði til að skipuleggja samstarfsverkefnið og ýta því úr vör. Nýttar verða allar tiltækar bjargar, á

<sup>6</sup> Sjá samning í viðauka 1.

sviði fræðslu og ráðgjafar, hvort sem um þekkingu, mannafla eða aðstöðu er að ræða til að sporna við félagslega neikvæðum afleiðingu atvinnuleysis ungs fólks í borginni. Áhersla verður lögð á samhæfingu á forsendum þeirra sem vinna úti á akrinum og þeim gefinn kostur á að móta verkefnið á grundvelli þekkingar sinnar og reynslu.

Samstarfsverkefnið mun fela í sér eftirfarandi meginþætti:

- Kannað verður hvaða aðilar eru reiðubúnir að taka þátt í verkefninu.
- Hugsanlegir samstarfsaðilar: Framhaldsskólar, Hitt húsið, Rauði krossinn, Mímir, Fræðslumiðstöðvar iðngreina, Framvegis, Námsflokkar Reykjavíkur, Efling, VR, Hlutverkasetrið, Nýttu kraftinn og fleiri.
- Unnið verður sameiginlegt yfirlit um framboð úrræða, námskeið o.þ.h.
- Ráðgjafarstarfsemi og námsframboð verða samhæfð eftir atvikum og verkaskipting og samvinna skipulögð.
- Boðið verður upp á fyrirliggjandi úrræði s.s. sjálfsstyrkingu, tómstundanámskeið, einingabært nám, starfsnám, listakynningar og fleira.
- Húsnæði og starfskraftar samstarfsaðila verða samnýttir eftir þörfum.

Stýrihópur Velferðarvaktarinnar mun í framhaldi af umræddu verkefni athuga hvort grundvöllur sé fyrir hliðstæðu samstarfi við fleiri sveitarfélög í landinu.

#### **4. Vitundarvakning**

Vinnuhópurinn kallar eftir vitundarvakningu um afleiðingar atvinnuleysis fyrir ungt fólk. Af umræðunni í samfélaginu og af niðurstöðum rýnihópa ungs fólks án atvinnu má ráða að viðhorfið til atvinnuleysis hafi breyst. Ungu fólkið nefndi að ekki fylgdi því skömm að vera atvinnulaus þar sem svo margir væru í þeim sporum. Svo virðist hins vegar að fólk geri sér ekki grein fyrir þeim alvarlegu áhrifum sem atvinnuleysi hefur á sjálfsmynd fólks og þá kannski sérstaklega ungs fólks sem er ekki með fullmótaða sjálfsmynd. Það kom skýrt fram í rýnihópunum að persónulegt ástand þeirra sem þar töluðu fer versnandi. Skýr dæmi voru um depurð sem eðlilegt er þegar fólk býr til lengri tíma við ramma- og stefnuleysi. Vinnuhópurinn deilir þeim áhyggjum að unga fólkið geri sér ekki fulla grein fyrir skaðlegum afleiðingum langtíma virknileysis. Í rýnihópum kom fram að hluti ungmennanna sagði stöðu sína án atvinnu vera „allt í lagi“ og gat sætt sig við ástandið. Vinnuhópurinn telur þetta glögga vísbendingu um hve staðan er alvarleg og hvetur til þess að fjölmiðlar í samvinnu við unga fólkið sjálft í gegnum aðila svo sem Hitt húsið og önnur frjáls félagasamtök vekji athygli á þessu.

#### **5. Greining og söfnun upplýsinga.**


Vinnuhópurinn hefur á starfstíma sínum safnað ýmsum upplýsingum sem ekki hafa legið fyrir áður, svo sem um menntunarstig einstaklinga á atvinnuleysisbótum, um fjölda þeirra sem fengu ekki inni í framhaldsskóla og þiggja atvinnuleysisbætur auk ýmissra upplýsinga sem ekki hafa verið birtar áður og fram koma í þessari skýrslu. Hópurinn telur nauðsynlegt að þessar upplýsingar um atvinnuleitendur séu uppfærðar reglulega og beinir þeim tilmælum til ráðuneyta mennta- og menningarmála og félags- og tryggingamála að það sé gert. Á vegum Velferðarvaktarinnar sem starfar á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins er starfandi vinnuhópur um gerð svokallaðra félagsvísa sem eru mælikvarðar um tiltekna félagslega þætti sem ástæða þykir til að mæla. Mögulega gæti umræddur hópur sinnt þessu verkefni í umboði ráðuneytanna.

## 2. Stutt yfirlit um skipan úrræða vegna atvinnuleysis

Atvinnuástand á Íslandi hefur verið nokkuð stöðugt undanfarna áratugi og miðað við önnur norræn ríki hefur lítið reynt á atvinnuleysistryggingar og minni þörf verið fyrir úrræði af þeim sökum. Frá árinu 1997 hefur skipulag virkniúrræða<sup>7</sup> breyst mikið og náms og starfsráðgjöf stóraukist fyrir atvinnuleitendur. Skýrt er kveðið á um þessi úrræði í lögum og reglugerðum og nokkur reynsla hefur fengist af flestum þeirra. Með skipulagðri beitingu úrræðanna og nauðsynlegum breytingum og viðbótum er hægt að breyta atvinnuleysisástandi í skref að nýrri sókn. Hér verður farið yfir skipan úrræða vegna atvinnuleysis en þau eru í umsjón Vinnumálastofnunar.

### 2.1 Verkefni Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun gegnir lykilhlutverki hvað varðar ráðstafanir vegna atvinnuleysis. Á myndinni hér fyrir neðan sjást helstu verkefni Vinnumálastofnunar sem lúta að atvinnuleitendum.



**Mynd 2. Lögbundnar vinnumarkaðsaðgerðir Vinnumálastofnunar er lúta að atvinnuleitendum.**

**Vinnumiðlun.** Á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar sem starfræktar eru á 14 stöðum á landinu er veitt aðstoð við atvinnuleitendur. Hún felst m.a. í upplýsingagjöf um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur ásamt því að ráðgjafar veita upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig atvinnuleit sé best háttáð. Stofnuninni berst jafnframt fjöldi óska um starfsmenn til ýmissa starfa og geta atvinnuleitendur fengið upplýsingar um laus störf á sínu svæði og á landinu öllu. Einnig aðstoðar stofnunin þá sem vilja fara milli landa í atvinnuleit.<sup>8</sup>

<sup>7</sup>Virkniúrræði eru veitt skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsaðgerðum: Til virkniúrræða teljast einstök námskeið, starfsúrræði, (þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning) ráðgjöf samhliða námskeiðspáttöku og reynsluráðningu, námsúrræði, atvinnutengd endurhæfing, þróun eigin viðskiptahugmyndar og frumkvöðlastarfsemi innan fyrirtækis eða stofnunar).

<sup>8</sup> Vinnumálastofnun annast þannig rekstur EURES (EUROPEAN EMPLOYMENT SERVICES) sem er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska Efnahagssvæðinu (EES). Meginþættir EURES eru að leiðbeina fólki í atvinnuleit erlendis, veita upplýsingar um búsetu- og starfsskilyrði og aðstoða vinnuveitendur sem hafa áhuga á að ráða til sín fólk frá öðrum EES- löndum.

**Vinumarkaðsúrræði.** Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir frá 2006 eru tiltekin helstu vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun skal annast. Þá kemur fram í lögum um atvinnuleysistryggingar að Vinnumálastofnun sé heimilt að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þátttöku fólks í vinnumarkaðsúrræðum sem rétt á til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögnum.<sup>9</sup>

Markmið vinnumarkaðsúrræða eru:

- Að viðhalda hæfni.
- Að endurmennta - atvinnuleitandi öðlist nýja hæfni.
- Að endurhæfa.
- Að viðhalda félagslegri virkni.
- Að sporna við langtímaatvinnuleysi.
- Að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á landinu.

Stofnunin hefur jafnframt gert þjónustusamninga við sveitarfélög eða stéttarfélög í smærri byggðalögum um grunnþjónustu gagnvart atvinnuleitendum. Með hverri þjónustuskrifstofu starfar vinnumarkaðsráð skipað fulltrúum launþegasamtaka, fyrirtækja og sveitarfélaga ásamt fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.<sup>10</sup> Á öllum þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar starfa náms- og starfsráðgjafar eða starfsfólk með fagmenntun sem miðar að þeirri þjónustu sem stofnunin veitir.

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar hafa samstarf á hverju svæði við stéttarfélög, fyrirtæki, sveitarfélög og opinberar stofnarnir en ekki hvað síst við símenntunarmiðstöðvarnar sem starfa í umdæmunum en samstarfi þeirra er lýst hér á eftir.

## 2.2 Forgangsröðun Vinnumálastofnunar

Þegar ljóst var að atvinnuleysi myndi stórukast á örskömmum tíma ákvað Vinnumálastofnun að forgangsráða starfsemi stofnunarinnar þannig að umsóknir um atvinnuleysisbætur og afgreiðsla þeirra kæmi allra fyrst. Þetta hefur orðið til þess þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar á Suðvesturhorninu hafa ekki náð að veita einstaklingum á atvinnuleysissskrá lögboðna þjónustu um ráðgjöf og virkniúrræði vegna þess hve ráðgjafar eru fáir. Stofnunin ákvað nú í haust að sá hópur sem veikast stendur á vinnumarkaði sökum lítillar menntunar og/eða aldurs yrði forgangshópur í vinnumarkaðsúrræðum og að fjármunum til úrræða og stuðnings yrði sérstaklega beint að þessum hópi. Í því ljósi hefur stofnunin leitast við að skilgreina betur námstengd úrræði með þennan hóp í huga. Lögð hefur verið áhersla á að:

- Skilgreina nám sem getur talist vinnumarkaðúrræði fyrir þann hóp sem veikast stendur og þá sérstaklega hvaða nám á framhaldsskólastigi verður heimilt að stunda.
- Skýrar reglur gildi um skilyrði fyrir því að stunda nám á námssamningi s.s. reynsla af vinnumarkaði, þar sem tekið er tillit til vinnusögu og starfsaldurs; viðkomandi þarf að vera orðinn 25 ára og hafa farið í ráðgjafarviðtal hjá Vinnumálastofnun, námið þarf að hafa skýr markmið og skýrar reglur gildi um eftirfylgni; o.s.frv.

---


<sup>9</sup> Nánar er kveðið á um útfærslu þessara lagagreina í reglugerðum 012/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki og 13/2009 um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði.

<sup>10</sup> Hlutverk vinnumarkaðsráðanna er m.a. að greina stöðu og þróun atvinnumála á svæðinu og gera tillögur að vinnumarkaðsúrræðum á starfssvæði ráðsins í samráði við viðkomandi þjónustuskrifstofu.



- Allir atvinnuleitendur sem skrá sig hjá stofnuninni eru bókaðir á kynningarfund innan mánaðar frá skráningu þar sem þeir fá kynningu á þjónustu og úrræðum stofnunarinnar.

### 2.3. Tengsl Vinnumálastofnunar og símenntunarmiðstöðva



#### Mynd 3. Símenntunarmiðstöðvar á landinu

Kortið hér að framan sýnir hvar símenntunarmiðstöðvar eru staðsettar um landið en þær heyra undir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og fá rekstrarframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til fastrar starfsemi.

Miðstöðvarnar bjóða námskeið og önnur úrræði, jafnt fyrir fólk á vinnumarkaði og atvinnuleitendur. Námskeiðin hafa hingað til fyrst og fremst verið ætluð fólki yfir tvítugu. Margar námsleiðir hafa verið settar í gang fyrir atvinnuleitendur í samvinnu við Vinnumálastofnun, atvinnuleitendur í ákveðnum greinum hafa leitað eftir raunfærnimati og samningur hefur verið gerður við Vinnumálastofnun um aðgengi að námsráðgjöfum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.

Símenntunarmiðstöðvarnar eru flestar svæðisbundnar og að þeim standa sveitarfélög, stéttarfélög, fyrirtæki, framhaldsskólar og háskólar. Starfsemi þessara aðila er fjölbreytt og spannar allt frá tólmstundanámskeiðum til háskólanáms og eru áherslur mismunandi eftir svæðum. Allar eru þær með náms- og starfsráðgjafa á sínum vegum og hafa tekið þátt í

þróun þeirrar fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur haft forgöngu um að móta.

Tvær námsskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: Grunnmenntaskólinn og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (háskólastoðir), eru kenndar atvinnuleitendum á Suðurnesjum og í Eyjafirði sem undanfari háskólabrúar (frumgreinadeilda) fyrir þá sem hafa að baki fáar einingar í framhaldsskólanámi.<sup>11</sup>

## 2.4. Sjálfboðaliðastarf

Hægt er að fá atvinnuleysisbætur og sinna sjálfboðaliðastarfi á sama tíma, en það er eitt af úrræðum sem Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða fyrir atvinnuleitendur.

Atvinnuleitendur hafa þannig meðal annars sinnt sjálfboðaliðastörfum hjá Rauða krossinum að undangengnu stuttu námskeiði. Reynslan af þessu hefur verið afar góð því stærstur hluti sjálfboðaliðanna fær launuð störf á vinnumarkaði fljótlega í kjölfarið.

Vinnumálastofnun og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hafa nýverið ákveðið að hrinda af stað tilraunaverkefni um sjálfboðaliðastörf í íþróttahreyfingunni fyrir atvinnuleitendur. Markmiðið með verkefninu er að skipuleggja tímabundin verkefni og störf innan íþróttahreyfingarinnar sem óskað verður eftir að atvinnuleitendur sinni sem sjálfboðaliðar. Með því móti verður hægt að tengja fleiri einstaklinga við þau fjölmörgu störf og verkefni sem sinna þarf til að halda uppi öflugu íþróttastarfi og jafnframt tryggja virkni og starfshæfni viðkomandi atvinnuleitenda.

Vinnuhópurinn telur fulla ástæðu til að efla sjálfboðaliðastarf sem eitt af virkniúrræðum fyrir atvinnulausa. Ástæða er til að koma upp sérstakri sjálfboðaliðamiðlun sem Vinnumálastofnun hefði umsjón með. Þar gætu aðilar sem eru með sjálfboðin störf í boði lagt inn tilboð fyrir atvinnuleitendur.

Þess má geta að á vegum nokkurra aðila er hafið samstarf við að búa til svokallað mentorakerfi fyrir atvinnuleitendur. Vinnumálastofnun, Efling-stéttarfélag ásamt Rauða krossinum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og nokkrir fræðsluaðilar hyggjast byggja upp kerfi sem þjálfa atvinnuleitendur til að liðsinna öðrum atvinnuleitendum. Um sjálfboðaliðastarf verður að ræða með tvöfaldri virkni þ.e. námskeiðum fyrir sjálfboðaliðana og aðstoð við aðra atvinnuleitendur. Mikilvægt er að byggja þetta starf upp sem allra fyrst og skoða hvernig það getur nýst ungum atvinnuleitendum í áhættuhópum.

## 2.5. Yfirsýn yfir úrræði

Á höfuðborgarsvæðinu bjóða margir aðilar náms- og virkniúrræði fyrir atvinnulausa. Í starfi sínu hefur vinnuhópurinn séð að auka þarf yfirsýn yfir þessa aðila og úrræði sem þeir bjóða. Hópurinn telur því nauðsynlegt að samhæfa og samræma úrræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og ná betri árangri í baráttunni gegn afleiðingum atvinnuleysis en verið hefur. Að frumkvæði vinnuhópsins er hafin vinna við

---

<sup>11</sup> Á undanförunum 5 árum hefur námsframboð fyrir þann hóp fólks sem hefur skemmsta skólagöngu aukist mjög mikið hjá símenntunarmiðstöðvum um land allt. Námið byggir á námsskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur þróað og vottaðar eru af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nám þetta sem er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu má í flestum tilvikum meta til eininga í framhaldsskóla. Þessar námsleiðir eru nú um 30 talsins og fjölbreyttar að innihaldi og lengd. Þá hefur verið þróað svokallað raunfærnimat í löggiltum iðngreinum, en það felur í sér að ófaglærður einstaklingur 25 ára og eldri sem unnið hefur við tiltekna faggrein fær starfsreynslu sína metna til námseininga í viðkomandi grein. Reynslan af þessu er afar góð og hefur verið mörgum hvati til þess að ljúka námi í faggreininni. Matið er unnið af fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum. Loks hefur verið þróuð náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu.

samræmingu á þessu sviði og standa vonir til þess að þetta muni jafnframt auðvelda atvinnuleitendum að sjá hvaða þjónusta er í boði.

## **2.6. Kortlagning á hindrunum.**

- Að mati vinnuhópsins eru of margir sem vinna að málefnum atvinnuleitenda án þess að samhæfa krafta sína.
- Vinnumálastofnun, sérstaklega á suðvesturhorninu nær ekki að veita einstaklingum á atvinnuleysisráðgjafum lögboðna þjónustu vegna þess hve ráðgjafar eru fáir. Stofnunin mótaði nú í haust verkáætlun um viðtöl við atvinnuleitendur.
- Enginn einn heldur utan um menntunar- og virkniúrræði fyrir einstaklinga sem eru án vinnu eða utan skóla án þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.
- Takmörkuð greining hefur verið gerð á atvinnuleitendum.
- Takmarkaðar fjárveitingar standa í vegi þess að framhalds- og háskólar geti innritað alla atvinnulausa sem hefja vilja nám.




### 3. Tölulegar upplýsingar og gögn

Í kaflanum hér á eftir eru dregnar fram upplýsingar um atvinnuleitendur almennt en einnig eru upplýsingar greindar eftir aldri, búsetu og menntun. Að meginstofni er byggt á upplýsingum úr atvinnuleysisráðgjafi sem Vinnumálastofnun geymir. Einnig er leitast við að draga fram kostnaðarupplýsingar eftir því sem unnt er. Tölur og myndir eru túlkaðar og greindar og helstu atriði eru rædd nánar í kafla 5.

Vinnumálastofnun byggir upplýsingasöfnun sína á skilgreiningunni „skráð atvinnuleysi“. Er þá átt við skráða fjölda atvinnuleysisdaga á landinu öllu og sá fjöldi er umreiknaður yfir í meðalfjölda einstaklinga án atvinnu. Greiðsla atvinnuleysisbóta byggir á þessari sömu skilgreiningu. Í atvinnuleysistölunum eru því einnig taldir einstaklingar sem eru atvinnulausir að hluta svo sem vegna þess að þeir hafa þurft að lækka við sig hlutfall vinnu vegna samdráttar.<sup>12</sup>

#### 3.1. Almennt




#### Mynd 4. Þróun atvinnuleysis 2007 til 2009

Á súluritinu á mynd 4 hér fyrir ofan sést þróun skráðs atvinnuleysis frá október 2007 til október 2009. Skráð atvinnuleysi í október 2009 var 7.6 % eða að meðaltali 12.682 manns og eykst atvinnuleysi um 4.4% að meðaltali frá september eða um 537 manns. Á sama tíma á árinu 2008 var atvinnuleysi 1,9% eða 3.106 manns. Þeir sem hafa verið atvinnulausir lengur en 6 mánuði eru nú 7.352 og hefur fækkað úr 7.397 í lok september. Þessi hópur er nú um helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysisráðgjafi. Þeir sem hafa verið atvinnulausir í meira en ár voru 1.700 í lok október en 1.024 í lok september.

Þess má geta að erlendir ríkisborgarar hafa verið um 13% af heildarfjölda þeirra hafa verið skráðir án atvinnu undanfarið ár eða 1 % af áætluðu vinnuafli.<sup>13</sup>


<sup>12</sup> Þess má geta að Hagstofan byggir atvinnuleysistölu sína á annarri skilgreiningu en þar er enginn atvinnulaus sem hefur vinnu, þó hún sé aðeins hlutavinna og viðkomandi óski eftir meiri vinnu. Hagstofan mælir atvinnuþáttöku í sérstakri vinnumarkaðskönnun sem gerð er í hverjum mánuði með úrtaki úr þjóðskrá. Könnunin er hluti af evrópskri vinnumarkaðskönnun sem hefur verið gerð samfellt frá árinu 2003.

<sup>13</sup> Sjá nánar töflu í viðauka.




**Mynd 5. Atvinnuleysishorfur næstu mánuði**

Á mynd 5 sést súlurit yfir þróun skráðs atvinnuleysis síðustu mánuði og horfur fram á vetur. Línur sýna óvissumörk.



**Mynd 6. Atvinnuleysi eftir svæðum**

Mynd 6 sýnir súlurit yfir skráð atvinnuleysi eftir svæðum í október 2009 borið saman við tölur frá sama mánuði fyrir ári. Atvinnuleysi er nú langhæst á Suðurnesjum 12,4%, þá á höfuðborgarsvæðinu 8,5% og á Norðurlandi eystra 6,1%. Fyrir ári síðan var atvinnuleysið mest á Suðurnesjum, en þá var það tæplega 5% en um 2% á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra.



## Mynd 7. Þróun atvinnuleysis eftir kynjum og búsetu

Mynd 7 hér að ofan sýnir þróun atvinnuleysis eftir kynjum og eftir því hvort fólk er búsett á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Í október sl. var atvinnuleysið mest meðal karla á höfuðborgarsvæðinu, 9,4%, þá kvenna á höfuðborgarsvæðinu 7,4% en þær fóru fram úr körlum á landsbyggðinni um mitt ár 2009. Lægsta hlutfallið er einmitt hjá körlum á landsbyggðinni, 5.7%, en atvinnuleysi hjá konum á landsbyggðinni er 6.3 %.

### 3.1.1. Fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá vegna þess að þeir hafa sjálfir sagt upp vinnu sinni eða hætt rekstri

Að meðaltali höfðu 9,2% einstaklingar á atvinnuleysissskrá undanfarna 11 mánuði (frá nóvember 2008-september 2009) sjálfir ákveðið að hætta störfum á núverandi vinnustað og sótt um atvinnuleysisbætur vegna þess. Ástæðurnar sem gefnar voru fyrir uppsögn voru búferlaflutningar, óviðunandi kjara/ráðningasamningar, framkoma yfirmanns, einelti/framkoma samstarfsfólks, aðrar ástæður eða að viðkomandi var sjálfstætt starfandi og hætti rekstri. Á umræddu tímabili voru þetta að meðaltali 1227 manns í hverjum mánuði og þar af var jafnan tæpur þriðjungur (31%) sjálfstætt starfandi einstaklingar sem höfðu hætt rekstri.

Ef undanskildir eru þeir sem urðu atvinnulausir vegna þess að þeir voru sjálfstætt starfandi er hlutfall þeirra sem sögðu upp starfi sínu að meðaltali 6,8% á tímabilinu eða 841 einstaklingur að meðaltali í hverjum mánuði.

Til samanburðar má geta þess að hlutfall þessara einstaklinga (allur hópurinn að meðtöldum sjálfstætt starfandi) af heildarfjölda atvinnulausra var hærra fyrir efnahagshrunið eða að meðaltali 15,3% fyrstu 10 mánuði ársins 2008 eða 340 manns mánaðarlega að meðaltali.

### 3.1.2. Hafnanir og sviptingar

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru felldar niður bætur í júlímánuði síðastliðnum hjá 32 einstaklingum sem höfðu hafnað starfi eða vinnumarkaðsúrræði. Sömu tölur voru 39 í ágúst og 49 í september síðastliðnum. Ekki fengust eldri upplýsingar um niðurfellingu bóta vegna þessa frá Vinnumálastofnun. Vakin er athygli á því hve fá tilfelli er um að ræða þar sem einstaklingar missa bætur eftir að hafa hafnað starfi eða vinnumarkaðsúrræði.

Heimilt er að svipta þann bótum sem gefur rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um laun sín, dvalarstað eða annað sem kann að skipta máli við ákvörðun og útgreiðslu bóta. Í september og októbermánuði 2009 voru 1100 manns sviptir atvinnuleysisbótum eða greiðslu til þeirra frestað um 40 daga. Þetta er afrakstur sérstakrar eftirlitsdeildar með bótasvikum sem Vinnumálastofnun setti á laggirnar. Deildin rannsakar svik á atvinnuleysisbótum, sinnir

vinnustaðaeftirliti og móttöku og úrvinnslu nafnlausra ábendinga. Hún keyrir einnig atvinnuleysisskrár saman við aðrar opinberar skrár.

### 3.2. Atvinnuleysistölur eftir aldri

okt.09	fjöldi	hlutfall af heild	Áætlað vinnuafli í aldurshópi	Atvinnuleysi sem hlutfall af áætluðu vinnuafli í aldurshópi
16-19 ára	523	3,6%	13.700	3,8%
20-29 ára	4.380	30,5%	36.900	11,9%
30-39 ára	3.434	23,9%	38.000	9,0%
40-49 ára	2.672	18,6%	40.100	6,7%
50-59 ára	2.166	15,1%	35.800	6,1%
60-69 ára	1.194	8,3%	17.200	6,9%
Heild	14.369	100,0%	181.700	7,9%

**Tafla 1. Aldurshópar skráðra atvinnulausra í október og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á vinnumarkaði.<sup>14</sup>**

Í þessari töflu gefur á að líta tölur um hlutfall atvinnulausra eftir aldurshópum, sem hlutfall af heildarfjölda atvinnulausra og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli í viðkomandi aldurshópi. Þegar einstakir aldurshópar eru skoðaðir sérstaklega, sést að atvinnuleysi meðal ungs fólks á aldrinum 20-29 ára af áætluðu vinnuafli í hópnum er marktækt hærra en í öðrum aldurshópum eða 11,9%. Atvinnuleysi í aldurshópnum 30-39 ára er næst mest, 9% mælt sem hlutfall af þeim aldurshópnum á vinnumarkaði. Tæplega 4% af aldurshópnum 16-19 ára á vinnumarkaði er atvinnulaus.

Í hópnum 16-19 ára voru 523 einstaklingar eða 3.6% atvinnulausra í þeim mánuði. Þess má geta að af þeim voru ólöggráða einstaklingar 56 eða 0,4 % af atvinnulausum þann mánuð.

<sup>14</sup> Tölur um aldur atvinnulausra eru frá Vinnumálastofnun en upplýsingar um áætlað vinnuafli í aldurshópi eru frá Hagstofu Íslands sem áætla vinnuafli ársfjórðungslega. Munur á heildaratvinnuleysi í þessari töflu (7,6) og tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi í september (7,2%) skýrist af því að stofnanirnar meta áætlað vinnuafli á ólíkan hátt. Fjöldatölur eru aðrar en á mynd 4 hér að framan sem skýrist af því að þar er notast við meðaltalstölur reiknaðar út frá fjölda atvinnuleysisdaga.



Aldur	100%	75-99%	50-74%	25-49%	0%	Samtals
16-19	12%	20%	37%	28%	3%	100%
20-24	41%	30%	21%	6%	3%	100%
25-29	58%	22%	13%	4%	3%	100%
30-34	63%	20%	11%	3%	3%	100%
35-39	69%	17%	8%	3%	3%	100%
40-44	71%	15%	9%	3%	2%	100%
45-49	75%	12%	8%	3%	2%	100%
50-54	75%	13%	8%	2%	2%	100%
55-59	75%	12%	10%	2%	1%	100%
60+	74%	13%	10%	2%	1%	100%

**Tafla 2. Atvinnulausir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eftir aldurshópum og hlutfalli greiddra bóta. Tölur frá október 2009.**

Eins og sjá má af þessari töflu hafa rúmlega 30% þeirra sem eru í aldurshópnum 16-19 ára 75-100% bótarétt. Þessi aldurshópur er fjölmennastur í lægri bótaflokkunum, 25-49% og 50-74%. Mikill munur er á þessum aldurshópi og næsta hópi á aldrinum 20-24 ára en rúmlega 70% einstaklinga í þeim hópi hefur bótarétt til 75%-100% bóta. Þetta mynstur styrkist eftir aldurshópum þannig að á bilinu 80-90% eldri hópa hefur á bilinu 75-100% bótarétt.

Það hve bótarétturinn er hár segir ekki til um hve bæturnar eru háar því ýmis atriði svo sem fjöldi atvinnuleysisdaga í mánuði og tekjur geta haft áhrif. Í næstu töflum er sýnt hve há greiðslan hefur verið að meðaltali hjá aldurshópnum 16-17 ára annars vegar og aldurshópnum 18-24 ára hins vegar fyrstu 9 mánuði ársins 2009.

16-17 ára	Fjöldi	Heildarupphæð bótagreiðslna í mánuði	Meðalbætur einstaklings.	hlutfall af heildar-bótum
Janúar	13	502.720	38.671	25,9%
Febrúar	15	617.964	41.198	27,6%
Mars	22	1.209.498	54.977	36,8%
Apríl	25	1.491.833	59.673	39,9%
Maí	41	1.533.249	37.396	25,0%
Júní	49	2.032.759	41.485	27,7%
Júlí	48	2.333.838	48.622	32,5%
Ágúst	44	1.836.305	41.734	27,9%
September	25	1.440.237	57.609	38,5%
Heildarfjárhæð jan-sept		12.998.403		
Að meðaltali í mánuði	31	1.444.267	46.818	31,3%

**Tafla 3. Fjárhæðir bóta til atvinnulausra (16-17 ára) fyrstu 9 mánuði ársins 2009.**

Að meðaltali var 31 einstaklingur 16-17 ára án atvinnu fyrstu 9 mánuði ársins. Meðalbætur þessara einstaklinga voru rúmlega 46.000 kr. á mánuði sem svarar rúmlega 31% af fullum

bótum. Að meðaltali voru greiddar um 1.4 m. kr á mánuði til hópsins í heild mánuði fyrstu 9 mánuði ársins . Áætlaðar heildargreiðslur til þessa hóps fyrir árið 2009 eru rúmlega 17. m kr.

18-24 ára	Fjöldi	Heildarupphæð bóta-greiðslna í mánuði	Meðalbætur einstaklings.	hlutfall af heildarbótum
Janúar	2677	273.118.843	102.024	68,2%
Febrúar	2896	289.625.734	100.009	66,9%
Mars	3123	344.430.930	110.288	73,8%
Apríl	3176	352.764.589	111.072	74,3%
Mái	3467	324.734.359	93.664	62,6%
Júní	3421	332.737.270	97.263	65,0%
Júlí	3090	329.999.061	106.796	71,4%
Ágúst	3083	290.510.890	94.230	63,0%
September	2375	242.835.302	102.246	68,4%
Heildarfjárhæð jan- sept		2.780.756.978		
Að meðaltali í mánuði	3034	308.972.998	101.955	68,2%

**Tafla 4. Fjárhæðir bóta til atvinnulausra (18-24 ára) fyrstu 9 mánuði ársins 2009.**

Sé litið til aldurshópsins 18-24 ára þá voru að meðaltali rúmlega 3000 einstaklingar í þeim aldurshópi á atvinnuleysiskrá fyrstu 9 mánuði ársins. Þeir fengu að meðaltali tæplega 69% fullrar bótafjárhæðar eða rúmlega 100.000 krónur á mánuði fyrstu 9 mánuði ársins.

Heildarmánaðargreiðsla hópsins nam tæplega 309 milljónum króna á mánuði að meðaltali fyrstu 9 mánuði ársins. Áætlað er að heildarárgreiðsla til hópsins muni nema sem svarar 3.7 milljarða króna árið 2009.

	Fjöldi	Allir atvinnulausir	Hlutfall 16-24 ára af öllum atvinnulausum á svæðinu	Hlutfall af heildarfj. ungra atv.lausra	Áætlað vinnuafli á svæðinu	Sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu
Höfuðborgarsvæðið	1589	9844	16,1%	65,3%	116.216	1,4%
Vesturland	68	395	17,2%	2,8%	8900	0,8%
Vestfirðir	15	76	19,7%	0,6%	4.164	0,4%
Norðurland v	17	80	21,3%	0,7%	4.127	0,4%
Norðurland e	200	1002	20,0%	8,2%	16.248	1,2%
Austurland	28	206	13,6%	1,1%	7.515	0,4%
Suðurland	118	623	18,9%	4,8%	13.735	0,9%
Suðurnes	400	1522	26,3%	16,4%	12.242	3,3%
Landið allt	2435	13748	17,7%	100,0%	183.147	1,3%

**Tafla 5. Hlutfall ungra atvinnulausra (16-24 ára) eftir landssvæðum september 2009 og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu og hlutfall af öllum atvinnulausum eftir svæðum.**<sup>15</sup>

<sup>15</sup> Tölur um áætlað vinnuafli eru fengnar frá Hagstofu. Þeim er síðan skipt eftir svæðum skv. hlutfallsskiptingu efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins um vinnuafli í landinu.

	Fjöldi	Allir atvinnulausir	Hlutfall 16-29 ára af öllum atvinnulausum á svæðinu	Hlutfall af heildarfj. ungra atv.lausra	Áætlað vinnuafli á svæðinu	Sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu
Höfuðborgarsvæðið	3208	9844	32,6%	68,3%	116.216	2,8%
Vesturland	147	395	37,2%	3,1%	8900	1,2%
Vestfirðir	27	76	35,5%	0,6%	4.164	0,6%
Norðurland v	28	80	35,0%	0,6%	4.127	0,7%
Norðurland e	346	1002	34,5%	7,4%	16.248	2,1%
Austurland	60	206	29,1%	1,3%	7.515	0,8%
Suðurland	213	623	34,2%	4,5%	13.735	1,6%
Suðurnes	668	1522	43,9%	14,2%	12.242	5,5%
Landið allt	4697	13748	34,2%	100,0%	183.147	2,6%

**Tafla 6. Hlutfall ungra atvinnulausra (16-29 ára) eftir landssvæðum í september 2009 og sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu og hlutfall af öllum atvinnulausum eftir svæðum.**

Hér gefur á að líta yfirlit yfir unga atvinnulausa eftir landssvæðum annars vegar í aldurshópnum 16-24 ára og hins vegar stærri hóp fólks á aldrinum 16-29 ára eftir landssvæðum.

Atvinnulausir á aldrinum 16-24 ára eru 18 % af öllum atvinnulausum í september. Atvinnuleysi í þessum aldurshópnum er langmest á höfuðborgarsvæðinu eða um tveir þriðju í báðum aldursflokkum. Næst mest er atvinnuleysið á Suðurnesjum rúmlega 14 % í aldurshópnum 16-29 ára hópnum en rúmlega 16 % í yngri hópnum. Norðurland eystra er næst á eftir Suðurnesjum, með á milli 7 og 8% atvinnuleysi í hópnum. Sláandi eru tölur frá Suðurnesjum um hlutfall ungra af heildarfjölda atvinnulausra á svæðinu. Þeir eru rúmlega 26% í yngri aldurshópnum en 44% í hópnum 16-29 ára. Það er mun hærra hlutfall en á höfuðborgarsvæðinu þar sem búa flestir atvinnulausir. Sama má segja um stöðuna á Suðurnesjum sé þetta unga atvinnulausa fólk skoðað sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á svæðinu. Í yngri aldurshópi atvinnulausra er unga Suðurnesjafólkið 3.3% af heildarvinnuafli á svæðinu en í hópnum 16-29 ára er fólkið 5.5 % af heildarvinnuafli á svæðinu.

### 3.2.1 Niðurstöður úr viðtölum við ungt atvinnulaust fólk á aldrinum 18-24 ára

Vinnuhópurinn taldi nauðsynlegt að greina sérstaklega stöðu ungra atvinnuleitenda og heyra þeirra viðhorf og tillögur. Ákveðið var að nota aðferð sem tilheyrir eigindlegum rannsóknum og felst í því að taka viðtal við hóp fólks um afmörkuð atriði. Þessir hópar eru nefndir rýnihópar.

Ákveðið var að fá í viðtal ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára. Reyndust niðurstöður og upplifun af því að hitta þessa einstaklinga það áhugaverðar og gagnlegar að ákveðið var að bæta við fleiri hópum þar sem atvinnuleysi er mest, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu þar sem var bætt við tveimur hópum og á Suðurnesjum þar sem voru einnig haldnir fundir með tveimur hópum. Samtals var rætt við 48 manns í fimm hópum. Kynjahlutföll hópanna voru jöfn. Rýnihópaniðurstöður gefa vissa vísbendingu um stöðu þess hóps sem skoðaður er hverju sinni. Þær er þó ekki hægt að nota til að alhæfa um alla unga atvinnulausa. Eftirfarandi atriði komu þó fram í öllum hópnum og er því hægt að segja að þær gefi skýrar vísbendinga um hópinn.

- Svo virðist sem Vinnumálastofnun hafi látið ungt fólk í atvinnuleit afskiptalaust í of langan tíma.
- Frumkvæði þeirra var lítið og stefnuleysi og rötleysi áberandi.
- Líf þeirra sem eru foreldrar er þó í töluvert betri skorðum en hinna.
- Nokkuð bar á deyfð.
- Virk atvinnuleit ungmennanna er ekki mikil og þau fá sjaldan svör ef þau sækja um atvinnu.
- Þau vita lítið um þau úrræði sem þeim standa til boða til virkni eða menntunar.
- Sum þeirra sem eru á bótum virðast ekki ósátt við ástandið, líður ágætlega og sjá ekki ástæðu til breytinga.
- Önnur voru að bíða eftir að barn á framfæri þeirra kæmist á leikskóla ellegar að komast sjálf í nám og því „hentuðu“ bæturnar ágætlega“.
- Samskipti þeirra við aðra hafa breytst lítið sem og neysluvenjur þeirra.
- Þó hafa mörg þeirra sem reykja aukið reykingar sínar.
- Svefnvenjur margra höfðu raskast allverulega og sum þeirra hafa snúið sólhringnum við.
- Mörg þeirra telja kreppuna einu ástæðu þess hvernig fyrir þeim er komið.
- Þau eru þreytt á ástandinu en hafa ekki gripið sjálf til aðgerða og bíða eftir betri tíð.
- Almennt upplifa þau sig ekki í verulegum fjárhagsvandráðum, sérstaklega þau sem búa í foreldrahúsum.

Nefndinni þykir mikilvægt að nýta þær upplýsingar sem fram komu í rýnihópunum ásamt öðrum upplýsingum sem fyrir liggja um stöðu ungra atvinnuleitenda til þess að bæta stöðu þeirra með markvissum aðgerðum er stuðla að námi þeirra og virkni.


### 3.2.2 Um starfsþjálfunar- og námssamninga atvinnulausra

Í reglugerð sem sett var í janúar 2009 er kveðið á um virkniúrræði sem Atvinnuleysis-tryggingasjóður beitir og styrkir. Í október 2009 nutu um 1000 manns slíkra úrræða eða höfðu gert samning um þátttöku í þeim. Jafngildir það tæplega 8% atvinnuleitenda. Gögn um þátttöku í úrræðum sýna að starfsþjálfun og átaksverkefni ná til stórs hluta atvinnuleitenda í landshlutum þar sem atvinnuleysi er tiltölulega lítið og ekki í eins háu hlutfalli til svæða þar sem atvinnuleysið er meira, einkum á höfuðborgarsvæðinu.<sup>16</sup> Jafnframt eru hlutfallslega færri námssamningar gerðir við þá sem einungis hafa lokið grunnskóla en við þá sem meiri menntun hafa, miðað við hve hátt hlutfall grunnskólamenntaðra er á atvinnuleysissskrá. Þessi gögn, ásamt reynslu af fyrri atvinnuleysissskeiðum, sýna að þessi úrræði geta á margan hátt dugað vel. Þá er ljóst að brýn nauðsyn er til þess að koma á skilvirkari leiðum til þess að setja á fót úrræði af þessu tagi og beina þangað fólk í atvinnuleit eftir því sem það á við. Þetta er einkum mikilvægt á á þéttbýlissvæðum þar sem atvinnuleysi er mikið.

<sup>16</sup> Sjá nánari upplýsingar í viðauka 2.


### 3.3. Menntun og atvinnuleysi

#### 3.3.1 Menntun allra atvinnulausra og hinna yngstu



**Mynd 8. Menntun allra skráðra atvinnulausra (16-70 ára) í október 2009**

Í lok október voru 14.369 einstaklingar á atvinnuleysisrá. <sup>17</sup> Rúmur helmingur þeirra hefur aðeins lokið grunnskólaprófi, 15% háskólanámi, önnur 15% höfðu lokið iðnnámi og 11% stúdentsprófi en færri öðrum prófum. Hlutföllin breytast nær ekkert séu aðeins skoðaðir þeir sem eru atvinnulausir að fullu (þ.e. þeir sem ekki njóta svokallaðra hluta- atvinnuleysisbóta) og haldast einnig svipuð séu langtímaatvinnulausir í öllum hópnum skoðaðir sérstaklega.



**Mynd 9. Menntun allra 29 ára og yngri í október 2009**

<sup>17</sup> Athuga ber að þetta eru aðrar tölur en sýna meðalfjölda atvinnulausra í mánuðinum sbr. mynd 4 hér að framan. Mismunurinn liggur í því að hér eru allir einstaklingar á skrá taldir en þegar reiknaður er meðalfjöldi er fjöldi einstaklinga reiknaður út frá atvinnuleysisdögum.

Þegar hópurinn 29 ára og yngri er skoðaður sérstaklega þá er þar öllu hærra hlutfall með litla menntun en hjá öllum atvinnulausum (sbr. mynd 8). 67% hópsins eða 3.275 manns höfðu aðeins lokið grunnskólaprófi, rúmlega 600 manns eða 13% stúdentsprófi, 420 manns eða 9% iðnnámi og rúmlega 410 manns eða 8% háskólanámi. Alls voru um 4.900 manns í þessum hópi í október 2009. Hlutföllin verða enn skýrari hjá þessum aldurshópi séu þeir skoðaðir sérstaklega sem hafa verið atvinnulausir í meira en 6 mánuði, þá eru þeir sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi orðnir 73% aldurshópsins eða um 1360 manns.

### 3.3.2 Lengd framhaldsskólanáms atvinnuleitenda sem aðeins hafa lokið grunnskóla

	Fjöldi höfuðborgarsvæði	Fjöldi landsbyggð	Hlutfall höfuðborg	Hlutfall landsbyggð	Heildarfjöldi	Heildarfjöldi atvinnulausra 16-29 ára á skrá í 6 mánuði eða meira.	Hlutfall beggja kynja óháð búsetu
karlar	525	210	74,6%	85,0%	735	951	77,4%
konur	217	145	76,7%	79,2%	362	466	
Samtals	742	355			1097	1417	

Tafla 7. Hlutfall langtímaatvinnulausra 16-29 ára sem hafa lokið sem svarar einu ári eða minna á framhaldsskólastigi af heildarfjölda aldurshópsins á atvinnuleysisrá

Upplýsingar um alla á atvinnuleysisrá sem gáfu grunnskólapróf upp sem sitt síðasta lokapróf voru bornar saman við nemendaskrá Hagstofunnar og þannig fengnar upplýsingar um það hvað umræddur hópur hefði lokið mörgum námseiningum. Þær upplýsingar voru svo flokkaðar niður á námsár á framhaldsskólastigi. Alls voru rúmlega 1400 einstaklingar í aldurhópnum 16-29 ára langtímaatvinnulausir í september sl. Af þeim höfðu rúmlega þúsund manns aðeins lokið einu ári eða minna á framhaldsskólastigi eða 77,4%.

Séu þessar tölur skoðaðar eftir aldri og búsetu sýndu þær eftirfarandi: Á höfuðborgarsvæðinu voru þetta 75 % langtímaatvinnulausra karla. Hlutfallið fyrir landsbyggðakarlanum á sama aldri er 85%. Samsvarandi tölur fyrir konurnar eru tæplega 77% og rúmlega 79%. Þessar tölur segja okkur að yfirgnæfandi meirihluti aldurshópsins sem gefur grunnskólapróf upp sem síðasta próf, er kominn afar skammt á veg í framhaldsskóla. Því þarf að sinna þessum hópi sérstaklega.

Minna en 1 árs nám	Atv. laus í 3-6 mán	Atv.laus meira en 6 mán	Samtals
16-19 ára	72	166	238
20-24 ára	166	472	638
25-29 ára	118	459	577
30-70 ára	424	1576	2000
			<b>3453</b>

Tafla 8. Fjöldi á atvinnuleysisrá sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi og minna en einu ári í framhaldsskóla eftir lengd atvinnuleysis

Ef áfram er skoðaður sá hópur á atvinnuleysisrá sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi en minna en eins árs námi í framhaldsskóla, þá sýnir þessi tafla að á landinu eru um 238 atvinnulausir einstaklingar 16-19 ára og 1205 atvinnulausir 20-29 ára sem eru í brynni þörf fyrir vinnuþarfaþurræði. Eðlilegt er að skoða fyrst hvort grundvöllur sé fyrir því að þessi ungmenni taki (aftur) upp nám í framhaldsskóla eða ígildi hans. Reynslan sýnir þó að stór og

sennilega stærsti hluti hans hefur lítinn hug og enn minni möguleika á því. Sumum gætu hentað styttri starfsmenntaúrræði en öðrum henta gjarnan starfsþjálfunarúrræði og er þá oftast þörf á að undanfari þeirra séu færni-, hvata- og sjálfsmatseflandi vinnustofur. Þeim sem hafna námi og starfsþjálfun þarf að beina í átaksverkefni.

Gagnvart hinum stóra hópi 30-70 ára á atvinnuleysisskrá sem hefur stutt nám í framhaldsskóla að baki hlýtur megináherslan að vera á að hvetja þá til styttra starfsnáms eða þátttöku í átaksverkefnum, en jafnframt ber að gera ráð fyrir því að tímabundið atvinnuleysi skaði þennan hóp ekki eins mikið og óreynt ungt fólk.

Meira en 1 árs nám	Atv. laus í 3-6 mán	Atv.laus meira en 6 mán	Samtals
16-19 ára	4	11	15
20-24 ára	58	163	221
25-29 ára	52	146	198
30-70 ára	97	265	362
	211	585	796

**Tafla 9. Fjöldi á atvinnuleysisskrá sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi og meira en einu ári í framhaldsskóla eftir lengd atvinnuleysis**

Tafla 9 sýnir þann hóp fólks á atvinnuleysisskrá sem hefur lokið meira en einu ári á framhaldsskólastigi. Þetta eru 796 manns, fæstir í yngsta aldurshópnum. Gagnvart öllum þessum einstaklingum, án tillits til aldurs, er fýsilegt að skoða fyrst hvort grundvöllur er fyrir frekara námi á framhaldsskólastigi.

### 3.3.3. Skipting yngstu árganganna milli skóla og vinnumarkaðar

Aldur	Í framhalds.sk.	Karlar	Konur	Í háskólum	Nem. alls	Af árgangi	Ekki í skóla
16 ára	4446	93%	94%		4446	93%	335
17 ára	3945	84%	86%		3945	85%	696
18 ára	3704	71%	80%	18	3722	75%	1217
19 ára	3284	65%	74%	89	3373	71%	1386
20 ára	1787	37%	35%	802	2589	52%	2375
21 árs	1049	25%	21%	1229	2278	50%	2283
22 ára	736	17%	16%	1389	2125	49%	2204
23 ára	623	13%	14%	1276	1899	43%	2551
24 ára	548	11%	11%	1186	1734	35%	3248

**Tafla 10. Skólasókn 16-24 ára nemenda í framhalds- og háskólum haustið 2008**

Taflan sýnir skólasókn aldurshópsins 16-24 ára í framhalds- og háskólum. Nemendur skila sér vel í framhaldsskóla að loknum grunnskóla (93-94%) en hlutfall þeirra lækkar jafnt og þétt frá 16 ára aldri, einkum drengjanna. Áberandi er hve margir eru í framhaldsskólum frá og með 20 ára aldri þrátt fyrir að nám þar miðist að jafnaði við fjögur ár. Það bendir til þess að skólakerfið sé óskilvirkt en jafnframt opið og sveigjanlegt.

### 3.3.4. Atvinnuleitendur sem fengu ekki inngöngu í framhaldsskóla

Haustið 2009 var 608 einstaklingum neitað um inngöngu í framhaldsskóla. Þetta er fólk á aldrinum 18-45 ára. Þegar kennitölur þeirra voru keyrðar saman við skrá Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi í september kemur í ljós að 133 einstaklingar af þessum 608 eða 22% eru á atvinnuleysiskrá. Það vekur athygli hve margir hafa verið á skránni um nokkra hríð eða lengur en 6 mánuði eða tæplega helmingur hópsins, þ.e. 61 af 133. 475 manns úr hópnunum eru hvorki á atvinnuleysiskrá né í framhaldsskóla en óljóst er hvort þeir eru í vinnu eða hvaðan þeir hafa sína framfærslu. Ástæða er til að ætla, sérstaklega með hliðsjón af kostnaðartölum sem rætt er um síðar í kaflanum að þeir einstaklingar sem óska eftir því að sækja framhaldsskóla séu betur komnir þar en á atvinnuleysisbótum. Rætt verður nánar um þetta atriði í kafla 5.

### 3.3.5 Brottfallsvandinn í íslenskum framhaldsskólum

Ísland hefur lengi haft sérstöðu meðal evrópskra þjóða, hvað varðar brottfall og námslok á framhaldsskólastigi, einkum að því leyti að mun stærri hluti árganga lýkur framhaldsskólanámi á þrítugs- og fertugsaldri<sup>18</sup>. Um allmörg ár hafa einungis um 60% af hverjum árgangi lokið framhaldsskóla við 24 ára aldur, en um 20% til viðbótar ljúka nú framhaldsskólanámi á aldrinum 25-35. Yfir 90% allra ungmenna hefja nám í framhaldsskóla, meira en þriðjungur þeirra hverfur frá námi, langflestir á fyrsta eða öðru ári, en rúmur helmingur þessa hóps tekur aftur upp þráðinn í framhaldsnámi eftir að hafa verið á vinnumarkaði í fjölda ára.<sup>19</sup>

Yfirstandandi efnahagskreppa gæti gerbreytt þessu mynstri en það er háð mörgu og ekki síst aðgerðum stjórnvalda á hvaða hátt mynstrið mun breytast. Atvinnuleysið dregur úr hvata til að hætta í námi, það getur orðið til þess að hvetja þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði til að ljúka framhaldsskóla, en það getur líka orðið til að draga úr framtaki og námshvata þeirra sem þola atvinnuleysi.

Áríðandi er að menntakerfi og vinnumálakerfi landsins bregðist þannig við atvinnuleysinu að hamla sem mest gegn brottfalli og beina sem flestu menntunarlitlu atvinnulausu ungu fólki inn í nám á nýjan leik. Þetta er ekki einfalt verk, einkum af tveim ástæðum. Annars vegar benda rannsóknir<sup>20</sup> til þess að meirihluti brottfallsnema sé fráhverfur framhaldsskólanámi, og hins vegar sýnir athugun á námsstöðu núverandi atvinnuleitenda, að yfirgnæfandi meirihluti þeirra hefur lokið mjög litlu framhaldsskólanámi.

Athyglisvert er að meðal brottfallsnema af fæðingarárgangi 1975, höfðu 55% lokið engu framhaldsskólanámi (þ.e. aldrei sótt framhaldsskóla) eða minna en einu ári þegar þeir voru 24 ára<sup>21</sup>, en eins og kemur fram í tölum hér að framan hafði yfirgnæfandi meirihluti ungra langtímaatvinnulausra á aldrinum 16-29 ára, lokið minna en einu ári í framhaldsskóla. Það er ekki einungis svo að þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eru mun líklegri en aðrir til að missa atvinnu, heldur eru þeir sem hætt hafa strax eða fljótlega eftir grunnskóla í langmestri hættu á atvinnumissi.

<sup>18</sup> European Commission Directorate General For Education and Culture, 2005

<sup>19</sup> Jón Torfi Jónasson og Andrea G. Dofradóttir, 2008.

<sup>20</sup> sjá t.d. Jón Torfa Jónasson og Kristjönu S Blöndal, 2002.

<sup>21</sup> Sama, tafla VII.1



### 3.4. Tekju- og kostnaðarupplýsingar

Nemendahópar sem hið opinbera greiðir fyrir	Árlegur kostnaður ríkisins á einstakling
Framhaldsskólanemi í bóklegu námi (breytilegt eftir skólum)	610.000
Framhaldsskólanemi í verklegu námi *	1.100.000
Nemandi í frumgreinadeild (háskólabrú)*	510.000
Nemandi í undanfara háskólabrúar (2 námsskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins).	518.000
Einstaklingur í Fjölsmiðjunni <sup>22</sup>	1.500.000
Nemandi í háskóla (breytilegt eftir námi )*	750.000
<b>Kostnaður ríkissjóðs við námslán (miðað við 49% endurgreiðslu láns)</b>	
Einstaklingur í leiguhúsnæði og fullu námi	
Framfærsla	600.000
Skólagjöld	250000 -400000

\*Möguleiki á námslánum til framfærslu og skólagjalda

#### Tafla 11. Kostnaður ríkisins af skólagöngu framhaldsskólanema og háskólanema og nema í frumgreinanámi

Tafla 11 sýnir kostnað sem ríkið hefur af einstaklingum í mismunandi námi. Nemandi í framhaldsskóla kostar ríkið á bilinu 510 þúsund krónur til 1.1 milljón króna á ári og er kostnaður vegna nemanda í verklegu námi um helmingi meiri en í bóklegu námi. Nemandi í Fjölsmiðjunni, sem er sýnu dýrastur nemenda á framhaldsskólastigi, kostar ríkið 1,5 milljón króna á ári. Kennsla háskólanema kostar ríkið að meðaltali 750 þ. kr. á ári.

Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs sé 51% vegna útlána Lánasjóðs íslenskra námsmanna en endurgreiðslur nemi 49%.

	Námslán *	Örorka	Atvinnuleysisbætur	Lágmarkslaun	Fjárhagsaðstoð
<b>Barnlausir einstaklingar</b>					
Tekjur fyrir skatt (grunnupphæð)	120.000	180.000	150.000	157.000	116.000
Tekjur eftir skatt	120.000	155.000	133.000	136.000	115.000
<b>Einstæðir foreldrar með tvö börn á leikskólaaldri</b>					
Tekjur eftir skatt	228.000	152.000	145.000	139.000	115.000
Tekjur eftir skatt að viðbættum greiðslum vegna barna **	324.000	280.000	240.000	235.000	211.000

Allar tölur eru í krónum og námundaðar að næsta heila þúsundi

#### Tafla 12. Samanburður á tekjum einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009

<sup>22</sup> Fjölsmiðjan er verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk 16-24 ára.

\*Námslán eru ekki skattskyld. Skerðing vegna tekna yfir 750 þúsund krónum er 35% en frítekjumark er fimmfalt ef fólk kemur úr vinnu. 45% leggst ofan á grunnframfærslu með hverju barni. Reiknað er út frá óskertum námslánnum og eru barnabætur því greiddar að fullu.

### **Forsendur:**

- Allar upplýsingar taka mið af stöðu í nóvember 2009.
- Skattstofn er grunnupphæð á mánuði, mæðra/feðralaun og greiðslur vegna barna atvinnulausra, að frádregnum greiðslum í lífeyrissparnað og stéttarfélagsgjald. Allt er þetta eftir því sem við á í hverju tilviki.
- Upplýsingar um námslán eru fengnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, um lágmarkslaun frá Eflingu, um örorku frá Tryggingastofnun ríkisins, um atvinnuleysisbætur frá Vinnumiðlun, um framfærslustyrk frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.
- Tekjuútreikningur fyrir atvinnuleysisbætur, lágmarkslaun og fjárhagsaðstoð er byggður á útreikningi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga.
- Námslán taka mið af námslánakerfinu eftir breytingar í september 2009. Lán námsmanns (einstaklings) fer að skerðast við 750.000 kr. tekjur. Fyrir þá sem eru að koma úr fullri vinnu í 6 mán eða lengur er frítekjumark kr. 3.750.000.
- Örorkubætur eru hér miðaðar við 75% örorku og engar tekjur af atvinnu, né greiðslur úr lífeyrissjóðum eða aðrar tekjur svo sem fjármagnstekjur.
- Atvinnuleysisbæturnar eru tekjutengdar fyrstu 3 mánuðina, eða 70% af meðaltali heildartekna sex mánuðina á undan, en þó aldrei hærri en 242.636. Greiddir eru dagpeningar með hverju barni, kr. 276.
- Barnabætur eru tekjutengdar en í þeim tekjuhópum sem hér um ræðir eru þær rúmlega 50.000 kr. á mánuði með tveimur börnum. Meðlag með einu barni er kr. 21.657 og mæðra- og feðralaun 6.269 með tveimur börnum. Mæðra- og feðralaun eru skattskyld en meðlög ekki.

Eins og sjá má af töflunni er lítil munur á tekjum einstaklinga sem fá lágmarkslaun og þeirra sem fá atvinnuleysisbætur, eða um 7 þúsund krónur launamanninum í vil. Dæmið snýst við ef um einstætt foreldri með tvö börn er að ræða, þá er munurinn 6 þúsund krónur launamanninum í óhag. Námsmaður sem er einstætt foreldri kemur sýnu best út úr samanburðinum á tekjuflokkunum. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er áberandi lægst, enda er hún aðeins greidd fá viðkomandi ekki aðrar tekjur. Taflan sýnir einnig að það er fjárhagslegur hvati fyrir atvinnulausan einstakling að komast á örorkubætur. Að sama skapi er fjárhagslegur hvati fyrir einstætt foreldri að fara í lánshæft nám. Þess má geta að námslán eru ekki tekjur því þau ber að borga til baka.

## 4. Hvað má læra af norrænni reynslu af atvinnuleysi ungs fólks?

Til að draga lærdóma af fyrri reynslu af atvinnuleysi er nærtækast að skoða reynslu Norðurlandþjóðanna á 10. áratugnum. Atvinnuleysi óx þar hratt á árunum 1991-93, náði hámarki 1993-94, en síðan dró hægt úr því. Atvinnuleysi á þessum tíma var langmest í Finnlandi þar sem það náði 17% þegar verst lét. Á Íslandi og í Noregi nam það 5-6%, en 8-10% í Danmörku og Svíþjóð. Meðal hinna yngstu, 16-24 ára var atvinnuleysið þó meira, eða um og yfir 10%, en um 35% í Finnlandi. Hægt og bítandi dró úr atvinnuleysinu á síðari hluta áratugarins en atvinnuleysi hefur þó áfram verið meira meðal hinna yngstu.

Í núverandi ástandi á Íslandi er margt hægt að læra af norrænni reynslu 10. áratugarins, þar sem samfélögin eru lík, ekki síst hvað varðar skipulag vinnumarkaðar. Á tíunda áratugnum var á Norðurlöndum beitt víðtækari aðgerðum gegn atvinnuleysi en almennt gerðist annars staðar, og töluverðar rannsóknir voru gerðar á þessum aðgerðum og árangri þeirra.

Staða Íslands í norrænum samanburði hefur þó gerbreyst. Atvinnuleysishlutfall fólks á aldrinum 16-24 ára er nú yfir 20% í Finnlandi og Svíþjóð, á Íslandi um 18% en um 10% í Danmörku og Noregi. Aðgerðir Íslands gegn atvinnuleysi eiga sér stað í þjóðfélagsástandi sem einna helst minnir á ástandið í Finnlandi fyrir 15 árum. Má í því sambandi minna á að þeim íslensku ungmennum sem tóku þátt í aðgerðum gegn atvinnuleysi 1995 voru 61% komnir í vinnu eða nám þrem mánuðum eftir að þátttöku þeirra lauk en í Finnlandi var samsvarandi tala 21%<sup>23</sup>

### 4.1 Hvers vegna á að leggja megináherslu á úrræði gegn atvinnuleysi ungs fólks?

Ástæða þess að meginathygli er beint að atvinnuleysi ungs fólks er að afleiðingar langtímaatvinnuleysis eru alvarlegastar fyrir ungt fólk, enda sýna gögn frá mörgum ólíkum löndum að aldurshópar sem koma út á vinnumarkað í alvarlegu atvinnuleysisástandi, eru almennt með hærra atvinnuleysishlutfall en aðrir út alla starfsævina<sup>24</sup> Hins vegar verður ekki allur aldurshópurinn fyrir þessum búsigjum. Það á til dæmis alls ekki við um þá sem eru í námi á meðan atvinnuleysistímabil ganga yfir. Þeim sem ná að afla sér menntunar tekst að jafnaði að ná fótfestu á vinnumarkaði þótt þeir hafi verið atvinnulausir um hríð. Reynsla Norðurlandþjóðanna er að því leyti ekki frábrugðin reynslu annarra þjóða sem sýnir að þeir sem verða fyrir alvarlegustu afleiðingum af atvinnuleysi í hópi ungs fólks eru hinir menntunarsnauðu. Í hverri kynslóð er um að ræða nokkurn hóp sem glímir í uppvexti sínum við uppsöfnuð félagsleg vandamál og/eða námsörðugleika. Þessi hópur er líklegastur til að verða fyrir brottfalli í framhaldsskóla og ef við það bætist langtímaatvinnuleysi jafngildir það oftast lokadómi um félagslega útilokun – nema vönduð atvinnuleysisúrræði brjóti vítahringinn.<sup>25</sup>

### 4.2 Reynslan af atvinnuleysisúrræðum á Norðurlöndum

Atvinnuleysisúrræði fyrir ungt fólk eiga sér langa sögu á Norðurlöndum, en á 10. áratugnum urðu töluverðar breytingar á þeim, í ljósi reynslu og rannsókna. Lögð var ríkari áhersla á að úrræðin ykju starfshæfni þátttakenda, annars vegar með símenntun og hins vegar með starfsþjálfun sem beindist að störfum á vinnumarkaði. Algengt varð að úrræðin væru skilgreind sem réttur og skylda, þ.e. að allt ungt fólk án fullgilds framhaldsskólaprófs ætti rétt á slíku úrræði eftir 6 mánaða atvinnuleysi og bæri skylda til að taka þátt í því.

Það er á margan hátt örðugt að leggja mat á úrræði sem þessi, þar eð erfitt er að afmarka samanburðarhóp („control group“) og gengi þátttakenda á vinnumarkaði að úrræðinu loknu er

<sup>23</sup> Julkunen & Carle, 1998, bls. 71.

<sup>24</sup> Schröder, 1994.

<sup>25</sup> Rosdahl í Julkunen & Carle (ritstj.) 1998

háð mörgu öðru en því. Við mat á árangri úrræða hefur jafnan verið litið á gengi á vinnumarkaði auk viðhorfs þátttakenda sjálfra. Niðurstöður þess mats sem gert var á 10. áratugnum bentu til þess að því meira menntunar- og starfsþjálfunargildi sem vinnumarkaðsúrræðin höfðu, því betri voru þau.<sup>26</sup> Það ræðst einkum af atvinnuástandi hvort þátttakendur komast strax eða fljótt í vinnu að úrræði loknu en sé ferill þeirra skoðaður yfir lengri tíma skila úrræðin árangri að þessu leyti, enda ber mat þátttakenda vitni um að bæði starfskunnátta þeirra og sjálfsmat styrkist við úrræðin og að þau sambönd sem þeir hafi aflað sér á vinnumarkaði hafi síðar reynst notadrjúg.<sup>27</sup> Sumir rannsakendur komust að þeirri niðurstöðu að einna mest árangurs væri að vænta af úrræðum sem valin væru í samstarfi atvinnuleitanda og ráðgjafa, gjarnan sem hluti að aðgerðaáætlun viðkomandi einstaklings.<sup>28</sup> Í samanburði á átaksverkefnum sveitarfélaga og verkefna með starfsþjálfun í einkafyrirtækjum, komst Bach (1994) að raun um að síðarnefnda úrræðið skilaði mun betri árangri en fyrrnefnda úrræðið breytti litlu sem engu um atvinnuleysisferil þátttakenda. Try (1994) komst einnig að þeirri niðurstöðu að starfsþjálfun hjá einkafyrirtækjum opnaði frekar leið inn á vinnumarkað en starfsþjálfun hjá opinberum aðilum.

Í byrjun atvinnuleysisins á 10. áratugnum fólust úrræðin annars vegar í átaksverkefnum á vegum sveitarfélaga en hins vegar í námskeiðshaldi sem einkum var á vegum Menningar og fræðslusambands alþýðu.<sup>29</sup> Aldurshópurinn 16-24 nam þó aðeins um 11% þátttakenda á námskeiðum en um þriðjungi í átaksverkefnum. Í norrænni samanburðarrannsókn<sup>30</sup> kom fram að íslensk ungmenni gáfu þessum úrræðum lakari einkunn en jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum. Fámennara en markvissara úrræði gagnvart ungu fólki var Starfsnám Hins hússins í Reykjavík, starfrækt árin 1992-98, en mat var gert á því 1997.<sup>31</sup> Matið náði til þeirra 135 einstaklinga sem tóku þátt í starfsnáminu frá október 1995 til júní 1997, en þeir numu 10% þeirra sem verið höfðu meira en 6 mánuði í atvinnuleit og 8% þeirra sem höfðu 3-6 mánaða atvinnuleit að baki. Þorri þeirra hafði lokið minna en hálfum framhaldsskóla og horfið frá námi. Árangur starfsmatsins kom ekki bara fram í mjög jákvæðu mati alls þorra þátttakenda, heldur kom á daginn að atvinnuleysi meðal atvinnuleitenda á sama aldri sem ekki fóru í starfsnámið var um 50% meira en hjá hinum þegar liðið var eitt ár frá því að starfsnáminu lauk. Viðtöl við valinn 10 manna hóp þátttakenda staðfestu að starfsnámið hafði almennt verið skref í rétta átt, það hafði aukið starfshæfni og gefið þátttakendum betri sýn á áhugasvið og getu, og það hafði beinlínis skipt sköpum fyrir hluta hópsins. Þetta kom jafnvel enn skýrar í ljós í eftirfylgniviðtölum sem tekin voru fjórum árum síðar.<sup>32</sup>

#### 4.3 Hvernig getur framhaldsskólinn dregið úr atvinnuleysi ungs fólks?

Það er til marks um múra milli ráðuneyta og stofnana að rannsóknir, eins og þær sem að ofan greinir beinast að vinnumarkaði og vinnumarkaðsúrræðum, en rannsóknir á menntunarsókn ungs fólks snerta verulega lítið á gengi þess í atvinnulífi að námi loknu. Þó er framhalds- og háskólastig að búa fólk undir þátttöku í atvinnulífinu, og umbætur á skólastigunum á Norðurlöndum á síðustu áratugum hafa að verulegu leyti tekið mið af því að hamla gegn atvinnuleysi ungs fólks. Enda ræðst vegur ungs fólks á vinnumarkaði í flóknu samspili skóla, atvinnulífs og vinnumarkaðsúrræða.

Norðurlandþjóðirnara hafa valið ólíkar leiðir<sup>33</sup> og hér verða þær skoðaðar stuttlega með áherslu á skólagerð og samspil framhaldsskóla og atvinnuleysis ungs fólks. Finnar brugðust meðal annars þannig við kreppunni í upphafi 10. áratugarins að leggja ofurkapp á að draga úr brottfalli og gefa sem allra flestum menntun til starfa. Finnar aðhyllast töluverða

<sup>26</sup> Schröder 1994, 1996; Julkunen & Carle (ritstj.), 1998

<sup>27</sup> Rosdahl, 1996.

<sup>28</sup> Kongshøj Madsen, 1994; Schröder, 1994).

<sup>29</sup> Gestur Guðmundsson, 1994.

<sup>30</sup> Julkunen & Carle (ritstj.) 1998, bls. 70

<sup>31</sup> Gestur Guðmundsson, 1997).

<sup>32</sup> Gestur Guðmundsson, 2002

<sup>33</sup> Olofsson & Panican (ritstj.), 2008,

aðgreiningu, hafa sérskóla á grunnskólastigi, skipta framhaldskólum skýrt í mennta- og iðnskóla og halda slíkri skiptingu áfram á háskólastigi. Þeim hefur tekist vel upp við að koma sérskólanemum sínum í framhaldsskóla, forða brottfalli í framhaldsskóla og gefa öllum kost á framhaldsmenntun á háskólastigi. Fórarkostnaðurinn við þetta er mjög hátt atvinnuleysishlutfall meðal þeirra 15% sem ekki ljúka framhaldsskólanámi.

Svíar hafa sameinaða iðn- og menntaskóla en þó aðgreindari námsbrautir en á Íslandi. Auknar bóklegar kröfur hafa aukið brottfall úr starfsnámi, en bæði þeir sem ljúka og brottfallsnemar eiga við þann vanda að stríða að sænskur vinnumarkaður er mjög lokaður gagnvart nýliðum og hjá mörgum líða mörg ár með atvinnuleysistímabilum, atvinnuleysisúrræðum, íhlaupavinnu og hlutastörfum áður en þeir festa sig í sessi á vinnumarkaði. Það síðastnefnda gengur mun verr hjá brottfallsnemunum, aðeins 70% ná því marki en 90% þeirra sem ljúka framhaldsskóla.

Norðmenn gerðu með lagasetningu 1994 mjög djarpa tilraun til þess að mennta ungt fólk fyrr og betur en áður. Framhaldsskólar voru samræmdir en starfsnáms- og bóknámsbrautir eru þó áfram aðgreindar. Áhersla var lögð á að sem allra flestir ljúki framhaldsskóla fyrir tvítugt, en brottfallsnemendur án atvinnu eiga rétt á vinnumarkaðsúrræði sem veitir þeim starfsþjálfun. Þessar aðgerðir eiga ásamt góðu atvinnuástandi þátt í því að atvinnuleysi ungs fólks er hið minnsta á Norðurlöndum eða innan við 10%.

Leið Dana er enn önnur. Inntökukröfur eru í alla framhaldsskóla og þar vegur hið bóklega þyngst, en fjöldamargar brýr er að finna fyrir þá sem ekki fullnægja þessum kröfum, t.d. „efterskoler“, „ungdomsskoler“, „produktionsskoler“ (fjölsmiðjur) og fjölmörg sértækari úrræði<sup>34</sup> Þrátt fyrir þessi úrræði hefur sá hópur sem ekki lýkur framhaldsskóla fremur stækkað en hitt síðastliðin 20 ár. Hertar bóklegar kröfur í iðnskólum og sú krafa þeirra að nemar finni sjálfir vinnustað fyrir starfsþjálfun valda því að fjórði hver iðnnemi lýkur ekki námi, en spánný rannsókn<sup>35</sup> sýnir að góðum iðnskólum tekst að draga verulega úr þessu brottfalli. Danski vinnumarkaðurinn hefur orðið mjög sveigjanlegur á síðustu áratugum og hefur veitt ungu fólk betri tækifæri en til dæmis. í Svíþjóð, og er það ásamt góðri menntun alls meginþorra ungs fólks skýringin á tiltölulega lágu atvinnuleysi – en brottfallið er hér meginvandinn.

Íslendingar hafa gengið lengra en aðrar norrænar þjóðir í því að fella saman iðnskóla og menntaskóla, einkum með því að hafa sams konar áfanga á báðum brautum, en því hefur fylgt sú gagnrýni að menntaskólanámi í almennum greinum sé þröngvað upp á iðnskólana og valdi þar brottfalli. Rúm inntaka í framhaldsskólana hefur líka átt sinn þátt í brottfalli, sem einkennir menntaskólabrautir ekki síður en starfsnámsbrautir, og margir telja að brottvarf frá bekkjarkerfi eigi einnig sinn þátt í brottfallinu, en um orsakir brottfalls á Íslandi er þó í raun fátt vitað með vissu því að takmarkaðar rannsóknir liggja fyrir. Brottfallið hefur hingað til ekki valdið verulegum áhyggjum, þar sem vinnumarkaðurinn hefur tekið við brottfallsnemunum og öldungadeildir, Háskólabró og sveigjanleiki víða í framhaldsskólum hefur gert mörgum þeirra kleift að taka upp þráðinn síðar. Efnahagskreppan hefur gerbreytt þessu, og sú spurning leitar á hvað við getum lært af nágrannaþjóðum okkar til að ná brottfalli niður í svipað umfang og þar ríkir, eða 15-20%, í stað þess 30-40% brottfalls (mælikvarðarnir eru misjafnir) sem lengi hefur fylgt íslenskum framhaldsskólum.

---

<sup>34</sup> Gudmundsson og Rosendal Jensen, 2005.

<sup>35</sup> Jensen o.a. 2009



## 5. Greining og umræða

Í íslenskum atvinnuleysistryggingum eru felldar saman tryggingar starfandi fólks og öryggisnet hins opinbera líkt og gerist hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Launþegar og sjálfstætt starfandi leggja fram ákveðið hlutfall af launum sem skerf til tryggingakerfisins en opinberir aðilar tryggja bæði einstakling og kerfið í heild. Í alþjóðlegum samanburði skera Norðurlandþjóðir sig úr fyrir að veita almennari aðgang að félagslegum réttindum en annars staðar gerist, en gagnvart öðrum Norðurlandþjóðum hefur Ísland m.a. þá sérstöðu að fjárhagsstuðningur við atvinnulausa er lægri og jafnari. Á undanförunum 30 árum hafa norrænar atvinnuleysistryggingar smám saman einkennst af áherslu á virkni. Tryggingakerfið borgar atvinnulausum fyrir að leita sér að vinnu og styður þá til að bæta við menntun sína og færni. Atvinnuleysisbætur eru ekki ölmusa heldur hluti af vinnumarkaðs- og menntunarstefnu sem miðar að því að vinnuafli sé hreyfanlegt og búi sig undir verkefni komandi ára.

Íslenska samfélagið stendur nú frammi fyrir gjörbreyttri stöðu á vinnumarkaði. Atvinnuleysi sem á tímabilinu 1998 til 2008 var lægst um 1% og fór hæst í rúmlega 3% hefur nú margfaldast og var í síðasta mánuði tæplega 8%.<sup>36</sup> Hér í skýrslunni hafa verið dregnar fram tölulegar upplýsingar um stöðu atvinnulausra og sjónum sérstaklega beint að ungum atvinnulausum. Auk tölulegra upplýsinga hafa verið dregnar fram vísbendinga um líðan þessa unga fólks eftir að það varð atvinnulaust. Staða ungra atvinnulausra er afar viðkvæm, atvinnuleysi til langframa getur, ef ekkert er að gert leitt til bágrar líðunar og mögulega örorku. Nauðsynlegt er að draga lærdóm af reynslu annarra norrænna þjóða af atvinnuleysi ungs fólks en um það er fjallað í kafla 4 hér að framan. Þær niðurstöður segja okkur að menntunarsnaðir einstaklingar eru þeir sem verst verða úti, verði ekkert að gert. Eins og fram kemur í kafla 3 er stór hluti atvinnulausra aðeins með grunnskólamenntun og langstærstur hluti langtímaatvinnulausss ungs fólks 29 ára og yngri, rúmlega þúsund manns eða 77,4% hefur aðeins lokið einu ári eða minnu í framhaldsskóla.

Í skýrslunni hefur einnig komið fram að um 12% af áætluðu vinnuafli í aldurshópnum 20-29 ára er án atvinnu sem er töluvert hærra hlutfall en hjá öðrum aldurshópum. Þetta unga fólk hefur áunnið sér misháan bótarétt en að meðaltali hafa 18-24 ára einstaklingar unnið sér rétt til um 70% bóta eða sem svarar rúmlega 100. þús kr. greiðslu á mánuði, rúmlega 1,2 m. kr á ári. Sú upphæð er aðeins hærri en sú sem ríkið greiðir að meðaltali á ári fyrir nema í verklegum greinum í framhaldsskóla. Lægri kostnaður hlýst af nemanda í bóklegum greinum fyrir ríkið sem greiðir sem svarar 500-600 þús kr. á ári fyrir nám hans.

Full ástæða er til að staldra við þessar tölur. Það er mat hópsins að eðlilegra sé að ungt fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskóla sé frekar í námi en á atvinnuleysisbótum. Nám eflir einstaklinginn til sjálfsþjargar og gerir hann hæfari til atvinnuleitar og þátttöku í samfélaginu. Það er að sama skapi þjóðhagslega hagkvæmara að nýta tímabil atvinnuleysis til að mennta frekar þá atvinnulausu.

Tölur í kafla 3 hér að framan um skólasókn nemenda í framhaldsskóla og háskóla sýna að rúmlega 4700 manns á aldrinum 20-24 ára sækja nú nám í framhaldsskóla. Þetta er staða sem er þekkt í íslensku skólakerfi en eins og fram hefur komið í skýrslunni tekur það okkur Íslendinga lengri tíma en tíðkast hjá öðrum þjóðum að ljúka framhaldsskólaprófi og er fólk að því fram eftir fertugsaldri.

Þetta atvinnuleysisástand er ekki einsdæmi. Aðrar þjóðir glíma nú við aukið hlutfall atvinnuleysis meðal ungs fólks og hafa gert sérstakar ráðstafanir til að bregðast við því. Evrópusambandið hefur þannig skilgreint markmið sín til að bregðast við auknu atvinnuleysi og hefur meðal annars lagt til að útbúin verði starfsþjálfunarúrræði fyrir 5 milljón unga

<sup>36</sup> Skv. upplýsingum frá Vinnuástandstofnun.

atvinnuleitendur í aðildarríkjum sambandsins.<sup>37</sup> Aðrar Norðurlandþjóðir sem allar hafa meiri reynslu af atvinnuleysi ungs fólks hafa gert sérstakar ráðstafanir til að auka framboð starfsþjálfunarúrræða og námsúrræða. Í Noregi t.d. er atvinnulausu ungu fólki yngra en 20 ára tryggt starfsúrræði (n. Ungdomsgaranti) hafi það verið atvinnulaust í 6 mánuði. Frá árinu 2009 er stærra hópi ungs fólks á aldrinum 20-24 ára sem hefur verið án atvinnu samfleytt í 6 mánuði eða lengur, tryggt sérstakt starfsúrræði (n. tiltaksgaranti). Svíar hafa samskonar tryggingu fyrir ungt fólk sem hefur verið atvinnulaust í þrjú mánuði. Í Danmörku tóku nýjar reglur gildi 1. ágúst síðastliðinn er setja menntun sem forgangsúrræði fyrir ungt atvinnulaust og ómenntað fólk. Allir atvinnulausir 25 ára og yngri sem ekki hafa forsjárskyldu eru þannig skyldaðir til að mennta sig. Danska ríkisstjórnin hefur lagt til 1.4 milljarð danskra króna til að auka menntun og virkni danskra ungmenna á atvinnuleysisskrá. Í Finnlandi þar sem tryggt hefur verið samskonar starfsúrræði til handa ungum atvinnulausum og á hinum Norðurlöndunum er nú rætt um að bjóða atvinnulausu ungu fólki starf eða úrræði fyrr en áður var og er nú rætt um að úrræðin skuli verða í boði eftir tveggja vikna veru þessa unga fólks á atvinnuleysisskrá í stað þriggja mánaða áður.<sup>38</sup>

En svo vikið sé aftur að stöðu ungs atvinnulauss fólks á Íslandi er ljóst að leita verður allra leiða til að sem stærsti hluti þessa hóps fari á nýjan leik í framhaldsskóla. Jafnljóst er að ákveðinn hópur þessa unga fólks er ekki tilbúinn að sækja reglubundið framhaldsskólanám. Því þarf að sjá til þess að þau haldist virk með öðrum hætti og eru starfsmenntanámskeið og vinnustofur sem fylgt er eftir með starfsþjálfun upplögð úrræði í þessu skyni, ásamt átaksverkefnum. Vísbendingar úr viðtölum við unga atvinnuleitendur 18-24 sýna að þetta unga fólk hefur verið látið afskiptalaust og án virkni, sumt í meira en eitt ár. Hér hefur fyrr í þessari skýrslu verið rætt um nauðsyn þess að einstaklingar séu virkir þó þeir séu án atvinnu og er því ástæðulaust að ræða það frekar. Vinnumálastofnun þarf að leita allra leiða til að ná til þessa unga fólks, en til þessa hefur hún ekki haft bolmagn til að sinna því verkefni á Suðvesturhorni landsins þar sem atvinnuleysið er mest og því þarf að breyta.

Að öðru leyti vísast til tillagna vinnuhópsins sem fjallað er um í kafla 1 í skýrslunni.

---

<sup>37</sup> Sjá ræðu Vladimir Spidla um úrræði ESB gegn atvinnuleysi sem hann flutti í Reykjavík 11. nóvember 2009, [http://stofnanir.hi.is/ams/sites/stofnanir.hi.is.ams/files/http\\_\\_\\_tr.anp\\_\\_se\\_track\\_t%3Dc%26mid%3D415220%26uid%3D155796352%26%26http\\_\\_\\_esb.is\\_whatsnew\\_2009\\_November\\_Speech\\_Spidla.pdf](http://stofnanir.hi.is/ams/sites/stofnanir.hi.is.ams/files/http___tr.anp__se_track_t%3Dc%26mid%3D415220%26uid%3D155796352%26%26http___esb.is_whatsnew_2009_November_Speech_Spidla.pdf)

<sup>38</sup> Úr skýrslum norrænu félags- og atvinnuáráðherra frá nóvember 2009 sem finna má á vef félags- og tryggingmálaráðuneytisins.



## Viðauki 1. Samstarfssamningur Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Kvasis

### Samstarfssamningur

Vinnumálastofnun kt. 700594-2039 annars vegar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kt. 430403-3110 og Kvasir samtök fræðslu og símenntunarmiðstöðva kt. 510302-3890 hins vegar, gera með sér samstarfssamning um þjónustu náms og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum til að virkja atvinnuleitendur sem eru tryggðir innan atvinnuleysis-tryggingakerfisins.

#### 1. gr. Markmið og gildissvið samnings

Markmið samnings þessa er að formgera samstarf samningsaðila um að virkja atvinnuleitendur, einkum langtímaatvinnulausa, sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, með náms og starfsráðgjafaviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúrræðum sem samningsaðilar telja þjóna réttum tilgangi. Samningurinn tekur til náms og starfsráðgjafa á vegum símenntunarmiðstöðva fyrir fólk á vinnumarkaði sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fjármuni til að kosta með samningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins við menntamálaráðuneytið. Samningur þessi er gerður með vísan til 2.mgr.12.gr.laga nr. 55/2006.

#### 2. gr. Verklag

- a) Vinnumálastofnun beinir ákveðnum hópi í ráðgjöf til símenntunarmiðstöðva, sem er skilgreindur út frá lengd atvinnuleysis, menntun, aldri, starfi og öðrum þeim þáttum sem ráða því í hversu brýnni þörf viðkomandi er fyrir ráðgjöf og virkni.
- b) Ráðgjafar símenntunarstöðva hafa samband við þá einstaklinga sem falla í hinn skilgreinda hóp með hvetjandi aðferðum. Lögð er áhersla á skylduvirkni og að verkefnið sé kynnt á þann hátt að ráðgjafi boði atvinnuleitanda í ráðgjafarviðtal í umboði Vinnumálastofnunar.
- c) Eftir viðtal metur ráðgjafi þörf fyrir frekari virkniaukandi aðgerðir, finnur vinnumarkaðsúrræði við hæfi og hefur um það samráð við ráðgjafa Vinnumálastofnunar á viðkomandi landssvæðum ef þar er gert ráð fyrir fjárhagslegri aðkomu stofnunarinnar.
- d) Ef atvinnuleitandi fer í framhaldi af ráðgjafarviðtali í úrræði sem símenntunarmiðstöð skipuleggur þá er eftirfylgnin í höndum ráðgjafa símenntunarmiðstöðvar, sem sendir upplýsingar um þátttöku til ráðgjafa Vinnumálastofnunar þegar úrræði er lokið.
- e) Ef atvinnuleitandi fer í framhaldi af ráðgjafarviðtali í úrræði sem er á forræði Vinnumálastofnunar þá tekur ráðgjafi hennar við máli hans að loknu ráðgjafarviðtali og sinnir eftirfylgninni

#### 3. gr. Miðlun upplýsinga

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva senda Vinnumálastofnun reglubundið upplýsingar um samskipti við atvinnuleitanda og nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsúrræði og laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Upplýsingarnar verða á ákveðnu stöðluðu rafrænu formi sem Vinnumálastofnun mun útfæra. Stofnunin mun færa upplýsingarnar inn í samskiptagrunn sinn og gagnabanka til frekari úrvinnslu.

#### 4. gr. Trúnaður og þagnarskylda

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva eru bundnir trúnaði um hverjar þær upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu á grundvelli þessa samnings, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni og þess er upplýsingarnar veitir, að öðru leyti en því sem snertir beint framkvæmd laga sbr. 3. gr.

Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu á grundvelli þessa samnings, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

#### **5. gr. Fagkröfur**

Tryggt skal að á grundvelli þessa samnings skuli aðeins fagmenntaðir ráðgjafar annast ráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðva.

#### **6. gr. Magn**

Ákveðið verður fyrirfram hve mörgum einstaklingum hver símenntunarmiðstöð mun sinna í hverjum mánuði og miðast fjöldinn við þá fjárhæð sem símenntunarmiðstöðin fær greitt frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir ráðgjöf.

#### **7. gr. Tilkypping til atvinnuleitenda**

Vinnumálastofnun mun tilkynna atvinnuleitendum með almennum hætti um það samstarf sem til er stofnað með samningi þessum. Einstaka þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar geta í samráði við símenntunarmiðstöðvar haft sértækara verklag ef aðstæður leyfa.

#### **8. gr. Kostnaður**

Kostnaður vegna ráðgjafar er borinn af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins af þeim fjármunum sem hún hefur til ráðstöfunar frá menntamálaráðuneyti, til að kosta náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði.

#### **9. gr. Árangursmat**

Þremur mánuðum eftir að samningurinn tekur gildi (eða fyrr ef samningsaðilar telja þörf á) munu samningsaðilar ræða og meta árangur samstarfsins og hvort gera þurfi breytingar. Vinnumálastofnun boðar til árangursmatsfundar.

#### **10. gr. Gildistími**

Samningur þessi tekur gildir frá undirritunardegi og gildir til 1. júní 2010.

#### **11. gr. Undirritun**

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta

**Reykjavík 28. október 2009.**

Fh. Vinnumálastofnunar

Fh. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fh. Kvasis –  
samtaka fræðslu og  
símenntunar-  
miðstöðva

Vottar:

## Viðauki 2 Ýmsar töflur um atvinnulausa

	okt. 2008	nóv. 2008	des. 2008	jan. 2008	feb. 2009	mar. 2009	apr. 2009	maí. 2009	jún. 2009	júl. 2009	ágú. 2009	sep. 2009	okt. 2009	Meðaltal okt. 2008-okt.09
<b>Fjöldi alls</b>	3.967	6.350	8.982	12.407	15.485	16.822	16.750	16.385	15.547	15.216	14.370	13.746	14.367	13.107
Íslenskir ríkisborgarar	3.361	5.382	7.712	10.733	13.528	14.675	14.646	14.381	13.745	13.545	12.719	12.029	12.605	11.466
Erlendir ríkisborgarar	606	968	1.270	1.655	1.956	2.146	2.103	2.003	1.802	1.671	1.651	1.717	1.762	1.639
Áætlað vinnuafli	182.400	182.400	182.400	178.200	178.200	178.200	184.200	184.200	184.200	182.500	182.500	182.500	182.500	
Hlutfall erlendra af öllum á atvinnuleysissskrá á	15%	15%	14%	13%	13%	13%	13%	12%	12%	11%	11%	12%	12%	13%
Hlutfall erlendra af ætluðu vinnuafli	0,3%	0,5%	0,7%	0,9%	1,1%	1,2%	1,1%	1,1%	1,0%	0,9%	0,9%	0,9%	1,0%	1%

### Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá

Eins og sjá má af töflunni hefur hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda atvinnulausra lækkað undanfarna 12 mánuði. Að meðaltali voru erlendir ríkisborgarar 13% af heildarfjölda á atvinnuleysissskrá á tímabilinu eða 1639 að meðaltali á mánuði en íslenskir ríkisborgarar tæplega 88% á sama tíma eða rúmlega 11.400 að meðaltali.

### Upplýsingar um fjölda á atvinnuleysissskrá sem fá hlutabætur vegna þess að þeir eru í minnkuðu starfshlutfalli

#### Fjöldi í minnkuðu starfshlutfalli eftir búsetu

	Höfuðb.-svæðið	Landsbyggðin	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland
nóv.08	131	82	42	1			34	3	2
des.08	326	342	125	30	4	5	118	27	33
jan.09	690	589	153	53	5	11	234	71	62
feb.09	1263	842	235	75	6	17	361	65	83
mar.09	1327	875	248	61	10	17	360	76	103
apr.09	1345	792	255	68	9	18	305	45	92
maí.09	1234	689	255	46	7	9	257	36	79
jún.09	1108	521	180	43	4	11	194	29	60
júl.09	1054	476	159	46	4	11	172	26	58
<b>ágú.09</b>	<b>1001</b>	<b>437</b>	<b>146</b>	<b>44</b>	<b>6</b>	<b>10</b>	<b>150</b>	<b>22</b>	<b>59</b>

Fjöldi í minnkuðu starfshlutfalli í lok ágúst 2009				
	Fjöldi	Ársverk, ágúst	Áætlað vinnuafli	Hlutfall af vinnuafli
Höfuðborgarsvæðið	1.001	109.679	116.260	0,9%
Suðurnes	146	11.549	12.242	1,2%
Vesturland	44	8.396	8.900	0,5%
Vestfirðir	6	3.928	4.164	0,1%
Norðurland vestra	10	3.893	4.127	0,2%
Norðurland eystra	150	15.328	16.248	0,9%
Austurland	22	7.090	7.515	0,3%
Suðurland	59	12.958	13.735	0,4%
	1.438	172.821	183.190	0,8%

### Námssamningar og reglugerðarúrræði eftir kyni, aldri, búsetu og námsstöðu.

Október 2009

Kyn og aldur	kyn			aldur			
	fjöldi	karl	kona	16-19	20-29	30-54	55+
<b>Starfstengt-reglugerðarúrræði</b>							
Starfsþjálfun	149	93	60	5	57	68	19
Reynsluráðning	32	19	13	0	7	19	6
Atvinnutengd endurhæfing	10	5	5	0	6	4	0
Þróun viðskiptahugmyndar	18	10	8	0	2	13	3
Frumkvöðlasamningur-Starfsorka	52	42	25	1	13	34	4
Átaksverkefni	132	52	80	11	45	55	21
<b>Fjöldi alls</b>	<b>393</b>	<b>221</b>	<b>191</b>	<b>17</b>	<b>130</b>	<b>193</b>	<b>53</b>
<b>Námssamningar</b>	<b>616</b>	<b>252</b>	<b>364</b>	<b>27</b>	<b>264</b>	<b>297</b>	<b>28</b>

Landsvæði	Búseta									
	fjöldi	Höfuðborgarsvæðið	Land byggð	Suðurnes.	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Starfstengt-reglugerðarúrræði										
Starfsþjálfun	149	47	102	37	13	3	21	24	0	4
Reynsluráðning	32	17	15	0	2	0	0	9	0	4
Atvinnutengd endurhæfing	10	2	8	0	0	1	0	6	1	0
Þróun viðskiptahugmyndar	18	4	14	7	1	0	0	4	0	2
Frumkvöðlasamningur-Starfsorka	52	44	8	0	1	4	0	2	0	1

Átaksverkefni	132	47	85	27	7	2	16	12	0	21
<b>Fjöldi alls</b>	<b>393</b>	<b>161</b>	<b>232</b>	<b>71</b>	<b>24</b>	<b>10</b>	<b>37</b>	<b>57</b>	<b>1</b>	<b>32</b>
<b>Námssamningar</b>	<b>616</b>	<b>449</b>	<b>167</b>	<b>87</b>	<b>30</b>	<b>3</b>	<b>5</b>	<b>17</b>	<b>13</b>	<b>12</b>

<i>Menntun</i>							
<b>Starfstengt-reglugerðarúrræði</b>	<b>fjöldi</b>	<b>Grunnsk</b>	<b>Framh.</b>	<b>Iðnn</b>	<b>Stúdent</b>	<b>Hásk</b>	
Starfsþjálfun	149	78	14	18	15	24	
Reynsluráðning	32	13	2	6	3	8	
Atvinnutengd endurhæfing	10	7	2	0	1	0	
Þróun viðskiptahugmyndar	18	4	3	5	4	2	
Frumkvöðlasamningur-Starfsorka	52	4	2	5	4	37	
Átaksverkefni	132	69	11	9	20	23	
<b>Fjöldi alls</b>	<b>393</b>	<b>175</b>	<b>34</b>	<b>43</b>	<b>47</b>	<b>94</b>	
<b>Námssamningar</b>	<b>616</b>	<b>317</b>	<b>46</b>	<b>67</b>	<b>68</b>	<b>118</b>	

## Heimildaskrá

Bach, Henning (1994): „Effekter av insatser mot ungdomsarbetslösheten. Danmark,“ *Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder*, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Blomster, H., Heikkila, K. Keskimaki, L., Rastas, R., Simpura, V, (2001). The survival of the Finnish health care and social services during the economic depression of the 1990s Í J. Kalela, J. Kiander, U. Kivikuru, H.A. Loikkanen og J. Simpura (Ritstj.) Down from the heavens, Up from the ashes. The Finnish economic crisis of the 1990s in the light of economic and social research, bls. 130-167. Helsinki: Government Institute for Economic Research.

Commissioner Vladimir Spidla, lecture at the University of Iceland Institute of International Affairs, 11. November 2009 Reykjavík.  
[http://stofnanir.hi.is/ams/sites/stofnanir.hi.is.ams/files/http\\_\\_\\_tr.anp\\_.se\\_track\\_t%3Dc%26mid%3D415220%26uid%3D155796352%26%26%26http\\_\\_\\_esb.is\\_whatsnew\\_2009\\_November\\_Speech\\_Spidla.pdf](http://stofnanir.hi.is/ams/sites/stofnanir.hi.is.ams/files/http___tr.anp_.se_track_t%3Dc%26mid%3D415220%26uid%3D155796352%26%26%26http___esb.is_whatsnew_2009_November_Speech_Spidla.pdf)

European Commission Directorate General for Education and Culture (2005): Study on Access to Education and Training. Basic Skills and Early School Leavers. Final Report. <http://ec.europa.eu/education/doc/reports/doc/earlyleave.pdf>.

Gestur Guðmundsson (1994): „Effekter av insatser mot ungdomsarbetslösheten. Island,“ *Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder*, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Gestur Guðmundsson (1997) *Mat á starfsnámi Hins Hússins*. Skýrsla til Íþrótt- og tólmstundaráðs Reykjavíkur og Atvinnu- og ferðamálanefndar Reykjavíkur, september 1997.

Gestur Guðmundsson (2002) Breytt umskipti til fullorðinsaldurs. Lokaskýrsla til Reykjavíkurborgar

Gestur Guðmundsson og Guðmundur Gylfi Guðmundsson (1994) "Ungdomsarbetslöshetens orsaker och utveckling. Island" *Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder*, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Jensen, Torben Pilegaard, Leif Husted, Anne Katrine Kamstrup, Søren Haselmann og Sebastian Møller Daugaard. Unges frafald på erhvervsskolerne Hvad gør de "gode skoler". Working paper, september 2009. Kaupmannahöfn: AKF.

Jón Torfi Jónasson og Andrea G Dofradóttir (2008): Þátttaka í fræðslu á Íslandi. Niðurstöður úr Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2003. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002): *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu 75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Julkunen, Ilse & Jan Carle (ritstj.) (1998): *Young and unemployed in Scandinavia – a Nordic comparative study*. Nord 1998:14. Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Kongshøj Madsen, Per (1994) "Innsatsen for de unge - er der noget som nytter?" *Insatser mot ungdomsarbetslöshet i Norden*. TemaNord 1994:601. Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Olofsson, Jonas & Alexandru Panican (ritstj.) (2008) *Ungdomars väg från skola till arbetsliv. Nordiska erfarenheter*, TemaNord 2008:584. Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Rosdahl, Anders (1996): „Ungdomsarbetslösheten i Danmark,“ *Ungdomsarbetslösheten i Norden*, TemaNord 1996:575, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin

Schröder, Lena (1994): „Effekter av insatser mot ungdomsarbetslösheten. Sverige,“ *Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder*, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Skýrslur norrænna félags- atvinnumálaráðherra fyrir fund í norræna ráðherraráðinu í nóvember 2009. (óútgefnar) en hægt að nálgast á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Skýrsla nefndar um sálfélagsleg viðbrögð við efnahagskreppuni. Á vef heilbrigðisráðuneytis:[http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Lokaskyrsla\\_sal-efn\\_nefndar.pdf](http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Lokaskyrsla_sal-efn_nefndar.pdf)

Stöðuskýrslur Velferðarvaktarinnar. Á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins:  
<http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/>

Try, Sverre (1996): (1994): „Effekter av insatser mot ungdomsarbetslösheten. Norge,“ *Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder*, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.